# FRÉTTABLAÐIÐ

220. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 18. SEPTEMBER 2018




Sonný Lára Þráinsdóttir tók glaðbeitt við Íslandsmeistarabikarnum í leikslok sem fyrirliði eftir að Blikar tryggðu sér titilinn á heimavelli með 3-1 sigri á liði Selfoss í gær Er þetta sautjándi Íslandsmeistaratitill Blika og kemst ekkert annað félag nálægt þeim í titlum í kvennaflokki. Kópavogskonur unnu tvöfalt í ár og standa uppi sem besta lið landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ólga meðal starfsfólks Orkuveitu Reykjavíkur

**Starfsmannafundur var haldinn í OR í gær vegna þeirrar stöðu sem komin er upp innanhúss. Svör starfsmannastjóra við spurningum vöktu furðu starfsfólks.**

**STJÓRNSÝSLA** Mikil ólga er meðal starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfyrirtækja vegna umræðu um hegðun þriggja stjórnenda þar innanhúss. Stjórnendurnir þrír hafa undanfarna daga ýmist verið sakaðir um kynferðislega áreitni í starfi eða kynferðisbrot áður en störf hófust.

Starfsmannafundur hjá OR var haldinn í gær vegna máls Bjarna Más Júlíussonar, sem sagt var upp störfum vegna óviðeigandi hegðunar í garð samstarfskvenna sinna og þeirrar stöðu sem upp er komin. Fréttablaðið hefur eftir starfsfólki sem sat fundinn að svör Sólrúnar Kristjánsdóttur, starfsmannastjóra OR, hafi vakið nokkra furðu. Á fundinum var hún spurð út í hví ekkert hefði verið aðhafst vegna kvartana sem henni bárust varðandi háttsemi Bjarna Más. Svarið var á þann veg að engin formleg kvörtun hefði borist. Einn viðmælandi Fréttablaðsins hafði svo á orði að mögulega hefðu einhver viðvörunarljós átt að kvikna þegar óformlegar kvartanir voru orðnar fleiri en ein og fleiri en tvær. Sér í lagi í ljósi þess að innan OR er í gildi metnaðarfull og verðlaunuð jafnréttisstefna.

„Markmið starfsmannafundarins var að fara yfir þá stöðu sem er komin upp í fyrirtækinu,“ sagði Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR. Aðspurður sagði hann að munur á formlegum og óformlegum kvörtunum og meðferð þeirra verði vafalaust skoðuð í úttekt sem OR hefur óskað eftir að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar geri á vinnustaðamenningu hjá OR.

> Markmið starfsmannafundarins var að fara yfir þá stöðu sem upp er komin í fyrirtækinu.
>
> Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR



OR tilkynnti í gær að Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, hefði óskað eftir því við stjórnarformann fyrirtækisins að stíga tímabundið til hliðar meðan unnið væri að úttekt á vinnustaðamenningu þess. Ósk hans verður tekin fyrir á fundi stjórnarinnar sem haldinn verður á morgun.

Fyrir helgi var sagt frá því að Bjarna Má hefði var sagt upp og samhliða var tilkynnt að Þórður Ásmundsson tæki við starfinu. Sagt var frá því í kvöldfréttum RÚV að á föstudag hefði stjórnendum OR borist tilkynning um að Þórður væri sakaður um kynferðisbrot og í kjölfarið var hætt við þá breytingu og Þórður sendur í leyfi. Hið meinta brot á að hafa átt sér stað áður en Þórður hóf störf hjá ON.

Árið 2015 hlaut Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, skriflega áminningu vegna kynferðislegrar áreitni á árshátíð fyrirtækisins sama ár. Afrit af áminningunni var sent fjölmiðlum í gær.

„Vegna fyrirspurna vil ég staðfesta að ég hlaut formlega áminningu vegna óviðeigandi kynferðislegrar áreitni á árshátíð fyrirtækisins fyrir 3 árum síðan. Ég hef iðrast þessa æ síðan. Ég fór strax í kjölfarið í áfengismeðferð og leitaði mér einnig viðeigandi aðstoðar,“ segir Ingvar í yfirlýsingu.

Fréttablaðið reyndi ítrekað að ná í Brynhildi Davíðsdóttur stjórnarformann og Sólrúnu Kristjánsdóttur starfsmannastjóra í gær en án árangurs. – jóe

# Útboði WOW lýkur í dag

**VIÐSKIPTI** Skuldabréfaútboði WOW air lýkur í dag. Unnið er að því að afla aukins fjármagns og vonir standa til að heildarstærð skuldabréfaútgáfunnar verði tæplega 60 milljónir evra.

Félagið stefnir að því að sækja allt að þrjú hundruð milljónir dala, eða sem nemur 33 milljörðum króna, í hlutafjárútboði innan 18 mánaða að sögn Skúla Mogensen, eiganda og forstjóra. Þetta segir Skúli í samtali við Financial Times.

Líklegt er að útboði verði vel fagnað af Skúla, enda fagnar hann 50 ára afmæli í dag. – khn

# Undrast vegferð Svandísar

**ALÞINGI** Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa tjáð sig um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu á meðan þingmenn VG hafa lagt fram lagafrumvarp um að ráðherra sé aðeins heimilt að semja við fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Brynjar Níelsson segir það ekki koma til greina að ráðherra myndi leggja fram slíkt frumvarp. „Hún hefði aldrei náð samstöðu um það í ríkisstjórn að banna allan einkarekstur þar sem er hagnaður,“ segir hann. – sa / sjá síðu 4



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorsteinn Víglundsson fjallar um samkeppnishindranir. 11

**SPORT** Sæluvíman kom mér í gegnum leikinn, segir handboltamaðurinn Gísli Þorgeir. 13

**TÍMAMÓT** Tíu ára afmæli Konfúsíusarstofnunar verður fagnað í Hörpu annað kvöld. 14

**LÍFIÐ** Ísland er troðfullt af ferðamönnum. Miðað við fjöldann er óumflýjanlegt að einn og einn vitleysingur slæðist með. 20

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Nýr Opel

GRANDLAND X

Kynntu þér **Opel Grandland X** og bókaðu reynsluakstur á **grandland.opel.is**



Frumsýningartilboð
Verð frá:
3.790.000 kr.

Bílabúð Benna

## Veður




Mjög svipað veður og var í gær. Allhvass vindur á Vestfjörðum, en rólegra í öðrum landshlutum. Lengst af rigning norðan- og austanlands og hiti undir 10 stigum, en suðvestan til verða sólarkaflar. SJÁ SÍÐU 16

# Kannabis um borð í flugvél



**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli voru kallaðir um borð í flugvél um helgina þar sem hreingerningarfólk hafði fundið fíkniefni við eitt sæta hennar. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum var um að ræða talsvert magn af kannabisefnum í loftþéttum plastumbúðum ofan í plastíláti. – **smj**

# Hraðinn mældur á Vesturlandsvegi



**Eftirlit með hraðakstri hefur löngum verið eitt af meginhlutverkum lögreglunnar og í gær var hraðinn mældur á Vesturlandsvegi. Á síðasta ári voru um 30 þúsund ökumenn staðnir að hraðakstri í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar af 19 þúsund í þéttbýli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Nálega 40 ljós voru notuð til að lýsa upp þingfundinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ljósabúnaður fyrir sextán milljónir á hátíðarfundi

**ALÞINGI** Kostnaður vegna lýsingar í tengslum við hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum þann 18. júlí síðastliðinn nam rúmlega 22 milljónum en þar af nam kostnaður vegna leigu á ljósa- og öðrum búnaði 15,9 milljónum króna. 6,1 milljón króna fór í vinnu við lýsingu, pökkun og fleira samkvæmt upplýsingum frá Alþingi.

Alþingi birti í gær heildarkostnað við hátíðarfundinn á Þingvöllum. Hann nam tæplega 87 milljónum króna. Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 45 milljónir króna. Kostnaðurinn fór því nokkuð fram úr áætlun.

„Er það einkum vegna þess að tekin var ákvörðun um að hafa lýsingu og hljóð af bestu gæðum þar sem atburðurinn var í beinni útsendingu,“ segir í útskýringu á vef á Alþingis. – **khn**

21. SEPTEMBER
ALÞJÓÐA ALZHEIMERDAGURINN

ALZHEIMER SAMTÖKIN

HVAÐ ER HEILABILUN?

**Málþing Alzheimersamtakanna á Grand Hótel kl. 17.00-19.00**
**Fundarstjóri: Felix Bergsson**

**Dagskrá**
- **Ávarp** – Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna
- **Setning** – Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands
- **Hvað er Lewy sjúkdómur?** – Helga Eyjólfsdóttir, öldrunarlæknir PhD.
- **Æðaheilabilun** – Guðný Valgeirsdóttir og Guðlaug Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingar á Landakoti.
- **Kaffihlé**
- **Að greinast ungur með heilabilun** – Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi á Landakoti
- **„Ég heiti Guðrún“** - Sigrún Waage flytur brot úr leikritinu „Ég heiti Guðrún“ sem frumsýnt verður á næstunni
- **Ráðstefnuslit** – Árni Sverrisson, formaður Alzheimersamtakanna

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

# Greitt 160 milljónir í leigu á sendiherrabústað

**Utanríkisráðuneytið seldi sendiherrabústaðinn í New York árið 2009 vegna niðurskurðar og hefur verið á leigumarkaði síðan. Gamli bústaðurinn var seldur á 470 milljónir en leigan í fyrra nam 1,8 milljónum á mánuði. Heimild til kaupa á nýjum bústað.**

### Kostnaður við leigu á sendiherrabústað
Á verðlagi 2017 — Tölur í milljónum







**Einar Gunnarsson er fastafulltrúi Íslands hjá SÞ í New York-borg og hefur afnot af ígildi sendiherrabústaðar á Manhattan.** FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

**UTANRÍKISMÁL** Leigukostnaður vegna húsnæðis fyrir fastafulltrúa Íslands í New York-borg hefur numið 160 milljónum króna síðan sendiherrabústaður Íslands var seldur árið 2009 á um 470 milljónir króna. Heimild hefur verið í fjárlögum til að kaupa nýjan bústað síðan sá gamli var seldur en leigan hefur verið talin betri kostur hingað til. Í fyrra greiddi ríkið 1,8 milljónir á mánuði í leigu á íbúðinni sem staðsett er á Manhattan.

Sendiherrabústaðurinn í New York var seldur árið 2009 á um 4,4 milljónir dala þegar kreppt hafði verulega að í ríkisfjármálunum í kjölfar hrunsins.

„Tilgangurinn var að finna hagkvæmara húsnæði og skila mismuninum í ríkissjóð. Ekki tókst að finna húsnæði sem hentaði á ásættanlegu verði og var því brugðið á það ráð að leigja,“ segir í svari Sveins H. Guðmarssonar, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. Miðað við söluandvirðið og leigukostnað síðan er ljóst að ríkið er enn í plús eftir söluna.

Enginn íslenskur sendiherra er þó í New York en íbúðin er fyrir fastafulltrúa Íslands í New York, sem hefur stöðu sendiherra. Fastanefndin er í fyrirsvari fyrir íslensk stjórnvöld gagnvart Sameinuðu þjóðunum og þá er nefndin einnig sendiráð Íslands gagnvart 16 ríkjum í Karíbahafi, Mið- og Suður-Ameríku.

Heimild til að kaupa nýjan sendiherrabústað hefur verið að finna í fjárlögum síðan sá gamli var seldur og er einnig að finna í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Sveinn segir nokkrum sinnum hafa komið til skoðunar að kaupa húsnæði undir sendiherrabústað en leigan alltaf orðið ofan á sem betri kostur.

Hins vegar virðist ákveðinn stöðugleiki hafa glatast með sölunni því síðan þá hefur ráðuneytið haft þrjár mismunandi íbúðir á leigu.

„Sú íbúð sem ráðuneytið hefur nú á leigu þykir henta betur en þær fyrri og getur verið laus til lengri tíma,“ segir í svari ráðuneytisins.

Þrátt fyrir heimildina til kaupa á nýjum bústað nú segir ráðuneytið engar tillögur hafa verið gerðar um kaup á húsnæði.

„En áfram verður fylgst með þróun mála á húsnæðismarkaði í New York.“ **mikael@frettabladid.is**



SPEEDTEST® AWARDS
...
HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI
...
2018

# ↳ 10 þúsund sinnum takk!

Við erum stolt, ánægð, hrærð og kát en fyrst og fremst þakklát fyrir það að nú eru 10 þúsund heimili í dúndrandi sambandi við Nova í gegnum hraðasta ljósleiðara á Íslandi.

Ekki vera risaeðla, komdu líka á hraðasta ljósleiðara á Íslandi og leyfðu okkur að lækka hjá þér netreikninginn.

Brandenburg | SÍA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

# Vill halda rakarastofuráðstefnu um traust á stjórnmálum

**ALÞINGI** „Það kviknuðu margar spurningar við lestur skýrslunnar og við fengum að ræða þetta og viðra okkar sjónarmið. Þetta er einstaklega þarft og áhugavert viðfangsefni,“ segir Helga Vala Helgadóttir, þingkona Samfylkingarinnar og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Nefndin fékk í gær kynningu á skýrslu starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu.

„Forsætisráðherra hefur sagt að skýrslan verði rædd í þingsal. Ég væri til í að taka þetta skrefinu lengra. Við vorum með rakarastofuráðstefnu í kjölfar Metoo og ég held að þingmenn og starfsmenn þingflokka hefðu gott af því að fara í svipaðan vinnudag og ræða siðferðileg álitamál.“

Helga Vala segist telja að slíkt samtal myndi skila meiru en tveggja tíma umræða sem fram færi í ræðustól Alþingis.

„Það er mikilvægt að byggja upp traust en það kemur ekki úr einhverjum skýrslum heldur af gjörðum okkar.“

Meðal tillagna er að Siðfræðistofnun verði falið hlutverk við ráðgjöf og eftirfylgni með skýrslunni.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og nefndarmaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, er nokkuð efins um það. Traust og virðing í stjórnmálum hafi með allt annað en regluverkið að gera.

„Umræða um hvernig við eigum að hafa hlutina og hvað sé eðlilegt er alltaf góð út af fyrir sig. Menn sem hafa umboð frá öðrum þurfa að meta sjálfir hvenær það er farið yfir einhver mörk en ekki einhverjir sérfræðingar í háskólunum.“ – sar



Frá fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Leggja til staðarval fyrir nýtt sjúkrahús

**REYKJAVÍK** Borgarstjórnarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt til að borgarstjórn Reykjavíkur hafi frumkvæði að því að velja heppilegan stað fyrir uppbyggingu á öðru sjúkrahúsi í Reykjavík. Tillagan verður rædd á fundi borgarstjórnar í dag.

Í tillögunni felst að skipaður verði samstarfshópur undir forystu Reykjavíkurborgar um efnið. Hópnum verði falið að finna heppilegan stað með tilliti til samgangna, íbúa- og atvinnuþróunar og öryggismála. Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að ekki sé litið fram hjá því að rannsóknarhús og meðferðarkjarni verði áfram byggð upp við Hringbraut. Aftur á móti hafi lítil umræða farið fram um hvort öll spítalastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu eigi að vera á einum stað og rekin af sama aðila.

„Það er mikilvægt að borgarstjórn taki af skarið enda ekki bara stórt skipulagsmál heldur mikilvægt hagsmunamál fyrir borgina, læknastéttina og íbúa höfuðborgarsvæðisins. Allt of oft fara stór verkefni af stað án nægjanlegs undirbúnings en Reykjavíkurborg þarf að veita stofnunum tækifæri til að vaxa og dafna í borginni. Auk þess sem þessi tillaga er sáttaleið í stóru máli,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn. – jóe

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Hafa áhyggjur af vegferð Svandísar gegn einkarekstri

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa áhyggjur af vegferð heilbrigðisráðherra þegar kemur að einkarekstri í heilbrigðisgeiranum. Ný heilbrigðisstefna ráðherrans mun koma til kasta þingsins í marsmánuði. Prófessor í stjórnmálafræði segir þetta ekki koma á óvart en nú reyni á að flokkarnir nái lendingu í þessum mikilvæga málaflokki.**

**ALÞINGI** Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa áhyggjur af vegferð Svandísar Svavarsdóttur í stóli heilbrigðisráðherra. Þrír þingmenn hafa stigið fram og skrifað um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu á meðan þingmenn VG hafa lagt fram lagafrumvarp um að ráðherra sé aðeins heimilt að semja við fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Brynjar Níelsson er einn þriggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem skrifuðu aðsenda grein í Morgunblaðið um helgina þar sem talað er fyrir einkarekstri í heilbrigðisgeiranum. Hann segir mikilvægt að árétta stefnu flokksins gagnvart sínum kjósendum. „Okkar kjósendur mega ekki halda að af því við þegjum þá séum við sammála ráðherranum. Við verðum að láta vita að við erum ekki sammála honum,“ segir Brynjar.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir nú reyna á mátt flokkanna til að ná saman um álitaefni á þessu þingi. „Það var vitað að þessir tveir flokkar hafa gerólíka sýn á málaflokkinn og nú er það að birtast okkur. Það mun nú reyna á fyrir flokkana að ná sátt og málamiðlun í þessum efnum,“ segir Eiríkur. „Hins vegar er það ekki nýlunda að flokkar í ríkisstjórn séu ósammála um stór mál.“



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Óli Björn Kárason.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Brynjar Níelsson.

Brynjar telur einmitt að það verði verkefni vetrarins að koma flokkunum saman í þessum málaflokki. Ekki hafi verið tekið á þessu máli í stjórnarsáttmálanum. „Það er ekkert þannig að það sé eitthvað komið frá ríkisstjórninni, það er ekkert þannig. Hún er bara að vinna sem ráðherra innan þeirra heimilda sem henni eru settar samkvæmt lögum og er að fara í ákveðna átt að manni sýnist og við höfum áhyggjur af því og þess vegna skrifuðum við þessa grein. Þetta getur orðið stórmál í ríkisstjórn ef menn ætla að fara að kollvarpa kerfinu,“ segir Brynjar.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG, vill banna ríkinu að semja við hagnaðardrifin fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum. Hann segir þetta ekki þurfa að koma Sjálfstæðisflokknum á óvart enda sé þetta í anda þeirra laga sem Kristján Þór Júlíusson setti á sínum tíma í stóli ráðherra heilbrigðismála.

Brynjar segir það ekki koma til greina að ráðherra myndi leggja fram slíkt frumvarp. „Það hefði aldrei komið til greina. hún hefði aldrei náð samstöðu um það í ríkisstjórn að banna allan einkarekstur þar sem er hagnaður,“ bætir Brynjar við.

sveinn@frettabladid.is





Fjórhjóladrifna fjölskyldan.
T- Roc.
Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.
Verð 4.590.00 kr.
Tiguan Allspace.
7 manna og rúmgóður.
Tilboðsverð 6.990.000kr.
Tiguan Offroad.
Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.
Tilboðsverð 4.990.000 kr.
Amarok.
Nýr og kraftmikill.
Verð 7.890.000 kr.
Touareg Offroad.
3.0 TDI V6.
Verð 9.290.000 kr.
Vetrarpakki fylgir með í september.
Vetrardekk, dráttarkrókur og gúmmímotta fylgir öllum nýjum jeppum og jepplingum í september.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Volkswagen
www.volkswagen.is
85 ÁRA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Viðurkenndir Mercedes-Benz.

Þú færð tveggja ára aukaábyrgð með allri þjónustu innifaldri þegar þú kaupir notaðan, viðurkenndan Mercedes-Benz bíl hjá okkur.



A-Class 160 CDI
2.490.000 kr.
Nýskráður 5/2015, ekinn 52 þús. km, dísil, 1461 cc og 90 hestöfl.



B-Class 200
3.150.000 kr.
Nýskráður 5/2015, ekinn 51 þús. km, dísil, 2143 cc og 136 hestöfl.



GLA 220 CDI
5.250.000 kr.
Nýskráður 11/2015, ekinn 38 þús. km, dísil, 2143 cc og 170 hestöfl. Fjórhjóladrifinn.



GLK 220 CDI
4.490.000 kr.
Nýskráður 5/2015, ekinn 39 þús. km, dísil, 2143 cc og 170 hestöfl. Fjórhjóladrifinn.



E-Class 220d
6.490.000 kr.
Nýskráður 5/2016, ekinn 31 þús. km, dísil, 1950 cc og 195 hestöfl.

Askja notaðir bílar
www.notadir.is · 5902160




Pawel Bartoszek og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir segja tillögu um aukin fjárframlög til einkarekinna grunnskóla í anda flokks síns. Tillagan verður rædd í borgarstjórn í dag ásamt tillögu um sumaropnun leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hugmyndafræðilega hrifin af tillögu Hildar

**Pawel Bartoszek og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúar Viðreisnar í borgarstjórn, eru jákvæð út í tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fjárframlög með grunnskólanemum verði jafn há í einkareknum og opinberum skólum.**

**SKÓLAMÁL** „Það leynist auðvitað engum að það er mikil velvild hjá Viðreisn gagnvart sjálfstætt reknum skólum. Hugmyndafræðilega séð er ég hrifinn af tillögunni en við þurfum að finna leið í gegnum kerfið,“ segir Pawel Bartoszek, fulltrúi Viðreisnar í skóla- og frístundaráði, um boðaða tillögu um breytingu á fjárframlögum til grunnskóla.

Gerir tillagan, sem flutt er af Hildi Björnsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, ráð fyrir því að sömu fjárframlög fylgi nemendum hvort sem um einkarekinn skóla eða skóla rekinn af borginni sé að ræða.

Pawel segir að tillöguna þurfi að skoða í samhengi við gerð fjárhagsáætlunar og þá sé ýmislegt í vinnslu tengt frístundaheimilum og húsnæðismálum grunnskóla borgarinnar.

„Við fögnum öllum góðum tillögum og ræðum þær í borgarstjórn. Þessi tillaga er í anda Viðreisnar og okkur er málið kært. Þetta er hins vegar stærra mál en bara þessi tiltekna tillaga,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Hún bendir einnig á að í sáttmála meirihlutans sé kveðið á um áframhaldandi stuðning við einkarekna leik- og grunnskóla.

Umrædd tillaga er á dagskrá borgarstjórnarfundar í dag en þar er líka að finna tillögu borgarfulltrúa meirihlutans um tilraunaverkefni með sumaropnun leikskóla.

„Þetta var ein af áherslum Viðreisnar í kosningabaráttunni og rataði inn í sáttmála meirihlutans. Þetta er eitthvað sem við ætlum að reyna að keyra af stað,“ segir Pawel.

Hann segir að fordæmi sé til staðar í Mosfellsbæ sem horft verði til. „Hugmyndin er að hafa einn leikskóla opinn í hverju hverfi yfir hásumarið og skapa þannig meiri sveigjanleika fyrir foreldra. Reynslan úr Mosfellsbæ sýnir að þar hafa um fimm til tíu prósent foreldra nýtt sér sumaropnanir.“

Sumaropnun leikskóla gæti að mati Pawels til dæmis nýst námsmönnum vel enda þurfi margir þeirra að nýta sumarið til vinnu. Þá sé líka horft til hópa eins og fólks af erlendum uppruna sem hafi oft síðra félagslegt tengslanet.

Tillagan sem liggur fyrir borgarstjórn gerir ráð fyrir að skóla- og frístundasviði verði falið að hefja undirbúning að verkefninu. „Fyrsta skrefið væri væntanlega að leita eftir áliti stjórnenda leikskólanna og finna þá skóla sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu.“ **sighvatur@frettabladid.is**

# Útlit fyrir að snjallsímar verði alfarið bannaðir í grunnskólum Fjarðabyggðar

**FJARÐABYGGÐ** Bann við notkun snjallsíma í grunnskólum Fjarðabyggðar verður að öllum líkindum samþykkt á fundi bæjarstjórnar í næstu viku. Bannið kemur að óbreyttu til með að taka gildi um næstu áramót.

„Fræðslunefndin hefur afgreitt málið frá sér. Það var tekið fyrir í bæjarráði í dag og samþykkt eftir því sem ég best veit,“ segir Sigurður Ólafsson, formaður fræðslunefndar Fjarðabyggðar.

Hingað til hafa símarnir verið notaðir að einhverju leyti við kennslu. Tölvur og snjalltæki sem sveitarfélagið skaffar munu taka við af símunum. Kostnaðargreining á þeim innkaupum mun fara fram á næstu mánuðum og verður gert ráð fyrir kostnaðinum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

„Með þessu vonumst við til að losna við þá truflun sem fylgir samfélagsmiðlum. Í áliti sem við fengum frá sálfræðingum um efnið kemur fram að símarnir geta valdið truflun á einbeitingu og það sem alvarlegra er þá geta þeir haft áhrif á andlega líðan ungmenna. Það hefði þurft sterk rök til að hefja notkun þeirra áfram og mér finnst við ekki hafa þau,“ segir Sigurður.

Skólastjórnendur í grunnskólum sveitarfélagsins sendu því umsögn sína um hið fyrirhugaða bann. Í því kemur fram að menntun gangi meðal annars út á að vita hvernig á að umgangast tæknina.

„Hingað til höfum við verið með samninga við nemendur um snjallsímanotkun og nemendum hefur verið meinað að koma með síma ef þeir brjóta þá,“ segir Eygló Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Eskifirði.



Hún segir að skiptar skoðanir séu meðal stjórnenda og kennara um bannið. Sumum þyki nóg komið en aðrir telja þetta vera þátt í nútímasamfélagi. Símarnir hafi einnig getað nýst við kennslu. Með leyfi kennara hafi nemendur fengið að hlusta á tónlist eða leita að svörum með tækjunum.

„Með nýju persónuverndarlögunum komu inn strangari ákvæði um myndatökur af fólki án vitundar þess. Ég tel að þetta sé einn af þeim þáttum þar sem skólarnir geti komið inn og kennt nemendum hvernig eigi að umgangast tæknina,“ segir Eygló. **– jóe**

HONDA 70 YEARS

HONDA
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC




## COMFORT

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **2.990.000**

- 16“ álfelgur
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörn
- LKAS akreinaaðstoð
- Vitræn hraðatakmörkun
- Vitrænn aðlaganlegur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- EPS hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle Stop tækni
- Loftkæling
- Rökkurstilling á aðalljósum
- Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
- Hiti í sætum (framan)
- 5“ skjár fyrir hljómtæki
- USB / AUX tengi (iPod samhæft)†
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður*
- LED dagljós

## ELEGANCE

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.360.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Tvísktipt tölvustýrð loftkæling
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- Skyggðar rúður að aftan
- LED dagljós

## SPORT PLUS

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.990.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- 8 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- Sport-listar (Framan / Hliðar / Aftan)
- Skyggðar rúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- Opnanlegt glerþak
- ADS stillanleg fjöðrun

## PRESTIGE

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **4.060.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklædd innrétting
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinavari
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýri
- ADS stillanleg fjöðrun
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan og aftan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýrishjóli
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi†
- Skyggðar hliðarrúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Krómað framgrill og hurðarhúnar
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- Opnanlegt glerþak
- Lykillaust aðgengi

## TYPE-R

**2.0 VTEC TURBO - 320 hestöfl**
6-gíra beinskipting

frá kr. **5.995.000** STAÐGREITT

- 20“ Piano black álfelgur
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Type-R sportsæti með innbyggðum höfuðpúða og rússkinsáferð
- Type-R leðurklætt sportstýri
- Áklæði og mælaborð með rauðum saumi
- Merkt serialnúmer eintaks
- Ál gírstangarhnúður og pedalar
- Comfort / Sport / Type-R akstursstilling
- Þyngdaraflsmælir (G-force)
- Hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle stop tækni
- Stillanleg fjöðrun (framan og aftan)
- Rafstýrðar rúður (framan og aftan)
- Hæðarstillanglegt ökumannssæti
- Hágæða upplýsingaskjár fyrir ökumann
- Honda CONNECT
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður
- Bakkmyndavél
- Carbon sportlistar (framan/hliðar/aftan)
- Type-R vindskeið
- Type-R þrefalt púst
- Type-R merki (framan og aftan)

**Einnig fáanlegur með GT LINE aukahlutapakka**

## OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

HONDA



**Flóð í Guangdong.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þrjár milljónir flýja vegna Mangkhut

**KÍNA** Mangkhut hélt í gær áfram að hrella Kínverja þegar hann óð vestur yfir landið. Stormurinn hefur róast nokkuð, orðinn hitabeltisstormur en ekki fellibylur. Mangkhut gekk á land í Guangdong-héraði sem fellibylur á sunnudag og hefur hingað til verið tilkynnt um fjögur dauðsföll vegna hamfaranna.

Yfirvöld í Kína fyrirskipuðu í gær rýmingu fjölmargra byggða í nærliggjandi héröðum. Samkvæmt CNN var þremur milljónum gert að yfirgefa heimili sín og finna sér skjól frá storminum.

Gífurleg eyðilegging varð í Hong Kong þegar stormurinn gekk þar yfir á sunnudaginn en þó hvergi nærri jafnmikil og á filippseysku eyjunni Luzon á föstudag. Staðfest er að 66 hafi farist af völdum stormsins og létust flestir þeirra í aurskriðum.

Fréttastofa AP greindi frá því í gær að þeir 40 til 50 námamenn og vandamenn þeirra sem grófust inni í kapellu í bænum Itogon væru að öllum líkindum látnir, að sögn bæjarstjórans Victorio Palangdan.

Samkvæmt spám mun Mangkhut halda áfram nokkuð í vestnorðvestur í átt að borginni Kungming. **– þea**

# Krísufundir vegna Kavanaughs

Ásakanir um kynferðisofbeldi gegn Brett Kavanaugh setja tilnefningu hans í hæstarétt í upplausn. Heldur fram sakleysi sínu en Repúblikani og Demókratar krefjast frestunar atkvæðagreiðslu.



**Framtíð Bretts Kavanaugh er óljós og var stíft fundað um stöðu mála í Hvíta húsinu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Brett Kavanaugh, sem Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur tilnefnt í embætti hæstaréttardómara, kvaðst í gær reiðubúinn til þess að mæta aftur fyrir dómsmálanefnd öldungadeildar þingsins til þess að hrekja ásakanir um kynferðisofbeldi. Demókratar í dómsmálanefndinni, með Dianne Feinstein í broddi fylkingar, greindu frá því á fimmtudag að þeim hefði borist kvörtun tengd Kavanaugh sem hefði verið vísað áfram til Alríkislögreglunnar (FBI). Kvörtunin kom frá sálfræðiprófessornum Christine Blasey Ford.

Ford tjáði sig sjálf um málið á sunnudag. Hún sagði frá því að á níunda áratugnum, þegar Kavanaugh var á framhaldsskólaaldri, hefðu þau verið saman í gleðskap. Kavanaugh hefði þá veist að henni, haldið henni niðri og reynt að nauðga henni.

Framtíð Kavanaughs eftir þessa ásökun er óljós. Repúblikanarnir Jeff Flake og Susan Collins hafa kallað eftir því að atkvæðagreiðslu um tilnefninguna verði frestað en hún á að fara fram á fimmtudag. Feinstein tók undir þetta. „Það er ýmislegt sem við vitum ekki um málið og FBI ætti að fá þann tíma sem þarf til að skoða ný gögn.“

### Stendur meirihluti með Kavanaugh?

Hundrað sitja í öldungadeild Bandaríkjaþings. Þar af eru Repúblikanar með 51 sæti og Demókratar og óháðir sem starfa með þeim með 49. Í raun þarf einungis 50 atkvæði til þess að skipun Kavanaughs verði samþykkt þar sem varaforsetinn Mike Pence hefur oddaatkvæði.

Ólíklegt þykir að nokkur Demókrati eða óháður styðji Kavanaugh en stór spurningarmerki má setja við Repúblikanana Jeff Flake og Susan Collins sem staðsetja má nær miðju en flesta Repúblikana.

Ef annað hvort þeirra, eða einhver annar þingmaður Repúblikana, neitar að styðja Kavanaugh eru fordæmi fyrir því að tilnefningar séu dregnar til baka. Slíkt gerðist síðast í tilfelli Harriet Miers árið 2005. Einnig gæti Mitch McConnell, formaður þingflokks Repúblikana, einfaldlega neitað að taka tilnefninguna fyrir á þingi ef hann sér ekki fram á að meirihluti náist um málið.

Kavanaugh sótti forsetann heim í Hvíta húsið í gær og fundaði þar um stöðuna. Í kjölfarið gaf forsetaembættið út yfirlýsingu fyrir hönd Kavanaughs þar sem dómarinn ítrekaði fullyrðingar um sakleysi sitt.

Debra S. Katz, lögmaður Ford, sagði í viðtali við NBC að Ford væri tilbúin til slíks hins sama.

Heitir stuðningsmenn Trumps hafa ráðist að persónu Ford undanfarna daga. Sagt hana ljúga og véfengt tímasetningu ásakananna. Kellyanne Conway, einn helsti ráðgjafi forsetans, sagði í gær að hlusta ætti á málflutning Ford og að árásum gegn henni þyrfti að linna.
**thorgnyr@frettabladid.is**


# Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. vísar til áður boðaðs hluthafafundar sem haldinn verður þriðjudaginn 25. september 2018 klukkan 10:00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

**Dagskrá fundarins**

1. Tillaga að nýrri samkeppnisstefnu félagsins.
2. Tillaga að nýrri starfskjarastefnu félagsins.
3. Tillaga að reglum um tilnefningarnefnd í starfsreglum stjórnar.
4. Tillaga að nafni N1 hf. verði breytt í Festi hf.
5. Stjórnarkjör.
6. Önnur mál.

**Nánar um dagskrá fundarins:**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn er að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 20. september 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Samkvæmt sátt N1 við Samkeppniseftirlitið í tilefni af kaupum félagsins á Festi skulu stjórnarmenn vera óháðir keppinautum félagsins. Í því felst að þeir skuli ekki vera tengdir keppinautum í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald.

**Stjórn N1 hf.**


## Ekki frekari aðgerðir í Idlib

**SÝRLAND** Forsetar Rússlands og Tyrklands sammæltust í gær um að koma upp hernaðarlausu svæði í Idlib-héraði Sýrlands til þess að skilja stríðandi fylkingar uppreisnarmanna og stjórnarliða að.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði eftir að samkomulagi var náð að svæðið yrði á milli 15 og 25 kílómetra breitt. Hernaðarbann þar myndi taka gildi í síðasta lagi 15. október næstkomandi og þá þyrftu allir „öfgaþenkjandi uppreisnarmenn og hryðjuverkamenn“ að yfirgefa svæðið.



**Vladimír Pútín, forseti Rússlands.**

Sergeí Sjoígú, varnarmálaráðherra Rússlands, sagði svo að stjórnarher Bashars al-Assad Sýrlandsforseta myndi ekki ráðast í neinar frekari hernaðaraðgerðir gegn uppreisnarmönnum í Idlib. Interfax greindi frá ummælunum en þau féllu eftir samræður forsetanna tveggja.

Orrustan um Idlib gæti markað endalok Sýrlandsstríðsins. Héraðið er síðasta stóra vígi uppreisnarmanna og hryðjuverkasamtaka sem hafa reynt að steypa Assad af stóli undanfarin sjö ár. Margar fylkingar hafa viðveru á svæðinu og samkvæmt BBC er sú stærsta Hayat Tahrir al-Sham en hún hefur tengsl við al-Kaída.

Assad-stjórnin hefur unnið að því að undirbúa árás á héraðið en Tyrkir höfðu undanfarið reynt að fá Rússa, helstu bandamenn Assads, til þess að koma í veg fyrir að af henni yrði. Sameinuðu þjóðirnar höfðu þrýst á friðsæla lausn og varað við mikilli mannúðarkrísu. **– þea**



Proxima Centauri b er í 4,2 ljósára fjarlægð frá Jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/NASA

# Rýnt í skilyrði á nágranna Jarðar

**Fjarreikistjarnan Proxima Centauri b er næsti nágranni Jarðarinnar. Vísindamenn könnuðu möguleg lífvænleg skilyrði á plánetunni.**

**GEIMVÍSINDI** Vísindamenn við Goddard-vísindastofnun Bandarísku geimvísindastofnunarinnar telja að miklar líkur séu á að á fjarreikistjörnu á sporbraut um stjörnuna Proxima Centauri, sem er næsti nágranni Sólarinnar, séu aðstæður vænlegar fyrir myndun lífs.

Vísindamennirnir könnuðu aðstæður á plánetunni, Proxima Centauri b, með að því beita sambærilegum reikniformúlum og notaðar eru hér á Jörðu niðri til að kanna áhrif loftslagsbreytinga. Þetta þýðir að vísindamennirnir þurftu að gefa sér það að vatn væri til staðar á plánetunni, en það er ekki vitað fyrir víst.

„Helstu niðurstöðurnar úr hermilíkönunum eru að það eru góðar líkur á að plánetan sé lífvænleg,“ segir Anthony Del Genio, vísindamaður við Goddard og einn rannsóknarhöfunda.

Proxima Centauri b er í 4,2 ljósára fjarlægð og er á sporbraut um fylgistjörnu sína á svokölluðu Gullbrá-ar-svæði, eða lífvænlegu svæði. Reikistjarnan er í bundinni snúningshreyfingu, þannig að önnur hlið hennar snýr ávallt að stjörnunni.

Del Genio og hópur hans telja að sterkir útfjólubláir geislar frá Proxima Centauri geti stuðlað að því að is á þeirri hlið reikistjörnunnar sem snýr út í geim bráðni á ákveðnum svæðum og þar sé mögulega fljótandi vatn að finna.

Vonast er til að næsta kynslóð geimsjónauka, eins og Extremely Large Telescope sem nú er verið að reisa í Chile, muni geta greint ummerki hita sem berst frá plánetunni.

kjartanh@frettabladid.is

## Proxima Centauri b

**4,2** ljósára fjarlægð frá Jörðinni.

**11** daga hringferð um fylgistjörnu hennar.

**1,2** sinnum massi Jarðar.


Hvalfjarðar göng



# Spölur gerir upp við viðskiptavini sína

**Lokadagur innheimtu veggjalds í Hvalfjarðargöngum verður 28. september 2018*. Eftir það aka menn ókeypis um göngin.**

**Í framhaldinu gerir Spölur upp við viðskiptavini sína með því að taka við veglyklum gegn skilagjaldi, greiða út inneignir á áskriftarreikningum og endurgreiða ónotaða afsláttarmiða.**

**Veglyklar**

Veglyklarnir eru eign Spalar eins og kveðið er á um í áskriftarsamningum. Notendur skulu afhenda veglykla fyrir lok nóvember 2018 gegn 3.000 króna skilagjaldi fyrir hvern lykil.

Tekið verður við lyklunum á skrifstofu Spalar ehf. á Akranesi og hjá

- Olíudreifingu ehf. að Hólmaslóð 8-10 í Reykjavík
- N1 Ártúnshöfða
- N1 Háholti í Mosfellsbæ
- N1 Borgarnesi
- OLÍS í Borgarnesi



Tölur af veglyklum sem skrá skal á skilagreina.

Þeir sem ekki hafa tök á að skila veglyklum á þessa staði geta sent þá í umslagi til Spalar, Kirkjubraut 28, 300 AKRANES fyrir lok nóvember.




**Afar áríðandi er að með fylgi upplýsingar um nafn sendanda, kennitölu, símanúmer og bankaupplýsingar** svo unnt sé að koma greiðslu til skila.

**Ekki er tekið við veglyklum í gjaldskýlinu í Hvalfirði.**

**Inneign á áskriftarreikningum**

- Notendur veglykla fá inneignir sínar á áskriftarreikningum greiddar þegar þeir hafa skilað veglyklum og fyllt út tilheyrandi skilagreinar.
- **Ef nauðsyn krefur áskilur Spölur sér lengri frest en 30 daga til að ljúka uppgjöri vegna þess að uppgjörsmálin skipta tugum þúsunda og taka óhjákvæmilega talsverðan tíma.**

**Afsláttarmiðar**

Olíudreifing ehf. að Hólmaslóð 8-10 í Reykjavík tekur við afsláttarmiðum og skrifstofa Spalar á Akranesi. Þjónustustöðvar N1 taka ekki við afsláttarmiðum. Frestur til að skila rennur út 30. nóvember 2018.

Afsláttarmiða má senda í umslagi til Spalar, Kirkjubraut 28, 300 AKRANES.

**Afar áríðandi er að með fylgi upplýsingar um nafn sendanda, kennitölu, símanúmer, bankaupplýsingar**, fjölda afsláttarmiða og númer afsláttarmiða, til þess að unnt sé að koma greiðslu til skila!

- Þjónustustöðvar N1 taka **ekki** við afsláttarmiðum.

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum **spolur.is** og þar er líka hægt að prenta út eyðublöð til útfyllingar fyrir þá sem senda Speli veglykla eða afsláttarmiða í pósti.



Tölur af afsláttarmiðum sem skrá skal á skilagreinar.

*sjá fyrirvara í frétt á vefnum spolur.is

**Með þökk fyrir viðskipti og samskipti í 20 ár!**

spölur ehf

Sími 431 5900. spolur@spolur.is



# NÝR FORD TRANSIT CUSTOM

– Betri en nokkru sinni

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, akstursstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

KOMDU OG TRYGGÐU ÞÉR FORD TRANSIT! EIGUM BÍLA TILBÚNA TIL AFHENDINGAR STRAX.




FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:

**2.895.000** KR. ÁN VSK.

3.590.000 KR. MEÐ VSK.

**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Bílabylting



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna jarðefnaeldsneytis í vegasamgöngum jókst um 75 prósent á tímabilinu frá 1990 til 2016, og útlit er fyrir að losunin muni halda áfram að aukast á næstu misserum með aukinni umferð. Losun frá vegasamgöngum er um 32 prósent af þeirri losun sem fellur undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Það kemur því ekki á óvart að rík áhersla sé lögð á þátt samgangna í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Áhersla á vegasamgöngur er jafnframt heppileg leið til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda með skjótum hætti. Með þjóðarátaki geta orkuskipti í samgöngum átt sér stað á stuttum tíma. Slík bylting mun ekki aðeins hjálpa okkur í því markmiði að standast alþjóðlegar skuldbindingar, heldur munu þær borga sig með beinum hætti fyrir íslenskt samfélag.

Yfir 80 prósent af svifryki má rekja með beinum hætti til bílaumferðar. Svifryk er að mestu samansett úr sóti og malbiksryki. Sót, sem er um 30 prósent af innihaldi svifryks, er skammlífur loftslagsáhrifavaldur og er aðeins í andrúmsloftinu í örfáa daga. Sót er í raun margslungið fyrirbæri og vísindamönnum hefur aðeins nýlega tekist að varpa ljósi á hvernig það myndast.

Eitt höfum við þó vitað árum saman. Sót er skaðlegt heilsu manna, svo um munar. Sterkar vísbendingar eru um orsakasamhengi milli bæði skammtíma og langtíma áhrifa sóts og svifryks á heilsu manna. Þessar smáu agnir hafa verið tengdar við hjarta- og æðasjúkdóma, astma, óreglulegan hjartslátt, minni lungnavirkni og ótímabæran dauða einstaklinga með hjarta- og lungnasjúkdóma. Sót inniheldur PAH-efnasambönd sem vitað er að eru krabbameinsvaldandi. Vísindamenn í Frakklandi sýndu á dögunum fram á það að sót getur ratað í fylgjur ófæddra barna en fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna að fóstur geta orðið fyrir váhrifum af völdum svifryks og leitt til ótímabærrar fæðingar, minni fæðingarþyngdar, ungbarnadauða og öndunarfærasjúkdóma.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint loftmengun sem eitt mesta umhverfisvandamál okkar tíma.

Góðu fréttirnar í öllu þessu eru auðvitað þær að þetta er viðráðanlegt vandamál, svo lengi sem við erum reiðubúin að horfast í augu við vandann. Verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í eru nánast án undantekninga aðgerðir sem koma til með að bæta líf okkar. Þetta eru verkefni eins og þétting byggðar í gegnum aðalskipulag, efling almenningssamgangna sem knúnar eru af eins vistvænum orkugjöfum og kostur er á, aukin áhersla á göngulleiðir og hjólreiðastíga, en um fram allt felur þetta verkefni í sér að takmarka útblástur frá samgöngum og um leið rannsaka betur umfang og áhrif sóts og malbiksryks á heilsu manna hér á landi.

Hin óumflýjanlega samgöngubylting er ekki aðför að einkabílnum, ekki frekar en bann við notkun Freon-22 var aðför að heimilisísskápnum þegar ósonlagið tók að þynnast. Þetta snýst um það sem þarf að gera, og möguleikana sem fólgnir eru í verkefninu. Þeir sem ekki vilja sjá þau jákvæðu tækifæri sem fólgin eru í þessum breytingum hundsa bæði þann mikla samfélagslega bata sem hlýst af bættum samgönguvenjum og það tækifæri sem þær bera með sér í baráttunni við loftslagsbreytingar.

> **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint loftmengun sem eitt mesta umhverfisvandamál okkar tíma.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Pólitískir reikningar**

**Hátíðarfundur Alþingis í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands er ein hallærislegasta fýlubomba þessa árs enn sem komið er. Fögnuðurinn varð að ógleði strax í júlí þegar fréttist, á elleftu stundu, að Pia Kjærsgaard væri heiðursgestur samkomunnar. Látið var með boðið sem einhvers konar myrkraverk Steingríms J. Sigfússonar þingforseta. Reikningurinn fyrir öllu heila klabbinu var birtur í gær og við blasir að kostnaðurinn fór rúmar 40 milljónir fram úr áætlun. Í gær fréttist einnig að VG var rekinn með 13,7 milljóna tapi í fyrra. Hvort báðir reikningar beri vott um vinstri grænt viðskiptavit skal þó ósagt látið.**

**Bömmer í dýru ljósi**

**Kostnaður við lýsingu á Þingvallagleðinni var rétt rúmar 22 milljónir króna. Næsthæsti einstaki liðurinn. Hið skýra ljós sem varpað var á samkomuna er réttlætt með því að markmiðið hafi verið að varðveita upptöku af fundinum til framtíðar „sem heimild um sögu þjóðarinnar“. Sú minning er býsna dýru verði keypt þar sem þjóðin var hálfpartinn skilin út undan og hefur sýnt uppákomunni takmarkaðan áhuga. Þeir sem stóðu fyrir gleðinni í dýru ljósinu vilja síðan sjálfsagt gleyma þessu öllu sem fyrst.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Íslensku trixin II



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Kjararáð kvað upp úrskurði sem juku mjög á ósætti landsmanna. Hvernig var brugðist við? Fyrst var kjararáði falið að kveða upp úrskurði um færri embættismenn en áður og síðan var kjararáð lagt niður. Hverju skilaði þetta íslenska trix? Fyrri aðgerðin, að fækka embættismönnum sem heyrðu undir ráðið, leiddi til enn meiri launahækkana þeirra þrátt fyrir eindregnar viðvaranir þáverandi fjármálaráðherra. Síðari aðgerðin skilar auðu þar sem ekki hefur verið afráðið hvernig launaákvörðunum til embættismanna hátti í framtíðinni.

Stjórnvöld virðast úti á þekju og halda að viðfangsefni sitt í komandi kjaraviðræðum séu einfaldar prósentuhækkanir launa á meðan viðfangsefnið er enn, tíu árum síðar, að sameina sundraða þjóð, freista þess að ná sátt í samfélaginu og græða það holundarsár sem hrunið skildi eftir á þjóðarsálinni.

**Ábyrgðin er stjórnvalda og SA**

Stjórnvöld, auk Samtaka atvinnulífsins (SA), tala fjálglega um lítið svigrúm til launahækkana en eru sjálf þeir aðilar sem bera mesta ábyrgð á þeirri úlfúð í samfélaginu sem ríkir um kjaramál. Stjórnvöld hafa enn ekki hreyft litla fingur til að vinda ofan af úrskurði kjararáðs. SA skipa helming allra stjórnarsæta almennu lífeyrissjóðanna og gætu því sem hægast haft forgöngu um að stöðva það höfrungahlaup gegndarlausra yfirborgana í fyrirtækjunum sem lífeyrissjóðirnir eiga, sem eru flest stærri fyrirtæki á Íslandi.

Hugmyndin að baki einhvers konar kjararáði er ekki alslæm. Útfærsla hugmyndarinnar var það sem brást og forsendurnar sem lágu að baki. Í sjálfu sér er það þarft að í samfélaginu sé til „apparat“ sem geti borið saman laun m.t.t. ábyrgðar, vinnutíma og annars sem máli skiptir við ákvörðun launa. Lífeyrissjóðirnir hefðu getað vísað til slíkrar stofnunar ákvörðunum um laun í fyrirtækjunum sem þeir stjórna og þannig hindrað höfrungahlaup stjórnendanna. En það gerðu þeir ekki.

Allt frá hruni hefur SA ekki nýtt samtakamátt sinn til að standa gegn ofurlaunum þrátt fyrir viðvaranir þar um og að augljóst væri í hvað stefndi. – Því skyldi almenningur taka mark á málflutningi þessa fólks?

> **Allt frá hruni hefur SA ekki nýtt samtakamátt sinn til að standa gegn ofurlaunum þrátt fyrir viðvaranir þar um og að augljóst væri í hvað stefndi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Meiri einokun takk!



Þorsteinn Víglundsson
þingmaður Viðreisnar

## Hækkun mars 1997 til júlí 2018






Íslenskir stjórnmálamenn eru miklir áhugamenn um atvinnurekstur og hafa löngum talið sig best til þess fallna að stýra því hvernig kaupin gerast á eyrinni. Langt fram eftir síðustu öld bjuggum við t.d. við svokallaða helmingaskiptareglu í pólitíkinni. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur skiptu á milli sín atvinnulífinu með bróðurlegum hætti og ráku samhliða því umfangsmikla haftastefnu svo einhverjir óforskammaðir og óflokksbundnir frumkvöðlar færu sér nú ekki að voða í samkeppninni. Allt sem ekki var sérstaklega leyft var bannað!

Þó svo vissulega hafi kvarnast myndarlega úr helmingaskiptakerfinu (kaupfélögin fóru jú flest á hausinn og kolkrabbinn liðaðist í sundur) þá virðist þessi ríkisforsjárhugsun enn lifa góðu lífi í huga fjölda stjórnmálamanna. Hagsmunir almennings, að búa við sem mesta samkeppni og lægst vöruverð á sem flestum sviðum, víkja allt of oft fyrir þröngum sérhagsmunum sem núverandi stjórnarflokkar virðast einhuga um að standa vörð um.

Tökum nokkur dæmi. Landbúnaður er enn að stórum hluta undanþeginn samkeppnislögum og við starfrækjum enn opinbera verðlagsnefnd um verðlagningu búvara. Leigubílaþjónusta er enn bundin á klafa fákeppni með stuðningi stjórnvalda og hafa t.d. nær engin ný leyfi til leigubílaaksturs verið gefin út á undanförnum 12 árum þrátt fyrir að landsmönnum hafi fjölgað um 50 þúsund og ferðamönnum um nærri tvær milljónir á sama tíma. Póstdreifing er enn bundin við einokun. Tveir af þremur stærstu viðskiptabönkum landsins eru í ríkiseigu. Starfrækslaríkisfjölmiðils fyrir skattfé er að ganga af einkareknum fjölmiðlum dauðum og ríkið er enn með einokun á sölu og dreifingu áfengis og tóbaks. Fjölmörg önnur dæmi mætti nefna.

**Í hvert skipti sem lagt er til að opinberum samkeppnishindrunum eða einokun verði rutt úr vegi, spretta fram herdeildir íslenskra stjórnmálamanna sem vita fátt betra en ríkiseinokun. Um „þennan markað“ gildi nefnilega allt önnur lögmál en um „aðra markaði“. Það eru hins vegar sjaldnast hagsmunir neytenda sem menn hafa áhyggjur af heldur miklu fremur hagsmunir þeirra sem starfa á viðkomandi mörkuðum.**

### Aukin samkeppni vegna EES

Á undanförnum 25 árum höfum við vissulega stigið fjölmörg jákvæð skref til aukinnar samkeppni á markaði. Við höfum innleitt hér nútímasamkeppnislöggjöf og sett opinberum rekstri ýmsar skorður í samkeppni við aðra aðila á markaði. Við höfum aflétt ýmsum höftum og hömlum og innleitt samkeppni á fjarskiptamarkaði, raforkumarkaði, stóreflt almenna neytendavernd og svo mætti áfram telja. Allt er þetta af hinu góða en fæst getum við þakkað íslenskum stjórnmálamönnum. Flest þessara atriða sem að framan eru nefnd hafa nefnilega verið fylgifiskar EES-samningsins.

Margsannað er að samkeppni, sem þó getur vissulega verið ófullkomin, skilar á endanum neytendum umtalsverðum ávinningi í lægra vöruverði og meira vöruúrvali. Samt er eins og það þurfi alltaf að sanna ávinninginn á hverjum markaði fyrir sig. Í hvert skipti sem lagt er til að opinberum samkeppnishindrunum eða einokun verði rutt úr vegi, spretta fram herdeildir íslenskra stjórnmálamanna sem vita fátt betra en ríkiseinokun. Um „þennan markað“ gildi nefnilega allt önnur lögmál en um „aðra markaði“. Það eru hins vegar sjaldnast hagsmunir neytenda sem menn hafa áhyggjur af heldur miklu fremur hagsmunir þeirra sem starfa á viðkomandi mörkuðum.

Meðfylgjandi mynd sýnir hins vegar kostnað neytenda af ofurtrú stjórnmálamanna á einokunarverslun. Flestar þær vörutegundir sem bundnar eru umtalsverðum samkeppnishindrunum hafa hækkað mun meira en þær vörur sem seldar eru óhindrað á markaði. Fátt hefur t.d. hækkað meira á undanförnum tveimur áratugum en póstþjónusta, akstur leigubíla, heilbrigðisþjónusta eða opinber þjónusta.

Þrátt fyrir þetta virðist slagorð ríkisstjórnarflokkanna og raunar fleiri vera meiri einokun takk! Ég segi nei takk!





Gleðin skein úr augum leikmanna Breiðabliks sem létu rigninguna ekki á sig fá og fögnuðu með stæl á Kópavogsvelli eftir sigurinn á Selfossi á heimavelli sínum í gær. Unnu þær tvöfalt á þessu tímabili, bikar- og Íslandsmeistaratitilinn í sjöunda skiptið í sögu félagsins og í fyrsta sinn síðan árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Allt er vænt sem vel er grænt

**Breiðablik vann 17. Íslandsmeistaratitil sinn í kvennaflokki í gær eftir 3-1 sigur á Selfossi. Unnu Blikar því tvöfalt í ár í fyrsta sinn síðan 2005. Markahrókurinn Berglind Björg átti erfitt með að halda aftur af tilfinningunum í leikslok.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann 17. Íslandsmeistaratitil sinn í kvennaflokki í gær þegar liðið vann 3-1 sigur á Selfossi á heimavelli í 17. umferð Pepsi-deildar kvenna. Þegar ein umferð er eftir eru Blikar með fjögurra stiga forskot á fráfarandi Íslandsmeistara Þór/KA og er titillinn því í höfn. Eru Kópavogskonur því ríkjandi Íslands- og bikarmeistarar og fengu bikarinn afhentan í leikslok í gær í síðasta heimaleik tímabilsins.

Blikar voru lengi af stað í gær og virtust taugarnar vera farnar að segja til sín, Selfyssingar sem höfðu að engu að keppa leiddu í hálfleik. Góð hálfleiksræða skilaði sínu og á upphafsmínútunum náðu Blikarnir forystunni og innsigluðu sigurinn á 73. mínútu þegar Alexandra Jóhannsdóttir skoraði annað mark sitt í leiknum og þriðja mark Blika.

„Tilfinningin var æðisleg, þetta var betri tilfinning en þegar við urðum bikarmeistarar. Ég var við það að tárast í sigurvímunni og trúði þessu varla sjálf,“ sagði Alexandra himinlifandi í leikslok.

„Við vorum undir í hálfleik en sýndum í seinni hálfleik úr hverju við erum gerðar. Við ræddum það í hálfleik og vissum að við ættum nóg inni.“

Markahrókurinn Berglind Björg Þorvaldsdóttir átti erfitt með að hemja sig í leikslok.

„Tilfinningarnar, þegar leikurinn var flautaður af, báru mig ofurliði og ég brotnaði niður af gleði, þetta er minn fyrsti Íslandsmeistaratitill og ég var alveg í skýjunum,“ sagði Berglind.

„Við erum búnar að vera besta liðið í sumar og eigum þetta skilið. Við ætluðum okkur strax báða titlana.“

Árið hefur verið sérstakt hjá Berglindi. Hún kom heim frá Ítalíu eftir fýluferð og fékk ekki að æfa með Blikum vegna samningsins á Ítalíu. Þurfti hún að æfa einsömul í aðdraganda móts.

„Þetta hefur verið betra en ég þorði að láta mig dreyma um, ég fékk ekki að æfa með liðinu fyrr en í mars en ég fann aðrar leiðir. Það gekk allt upp og við unnum tvöfalt í fyrsta sinn í þrettán ár. Ég er eiginlega orðlaus yfir því hvað allt gekk upp,“ sagði Berglind.

Tímabilinu er ekki lokið hjá henni, hún er í keppni um gullskóinn. „Ég fer ekkert í felur með það, ég ætla að taka gullskóinn. Það væri fullkominn endir á tímabilinu.“

kristinnpall@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

## Nýjast

### Pepsi-deild kvenna

**Breiðablik - Selfoss 3-1**
0-1 Grace Rapp (23.), 1-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (50.), 2-1 Alexandra Jóhannsdóttir (51.), 3-1 Alexandra (73.).

**Þór/KA - Valur 4-1**
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (18.), 2-0 Sandra María Jessen (51.), 2-1 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (53.), 3-1 Arna Sif Ásgrímsdóttir (79.), 4-1 Sandra Mayor (81.).

**KR - Grindavík 2-1**
1-0 Katrín Ómarsdóttir (20.), 2-0 Ingunn Haraldsdóttir (89.), 2-1 Rio Hardy (90.).

*Sigur KR þýðir að Grindavík féll úr efstu deild.*

**ÍBV - HK/Víkingur 5-1**
1-0 Cloé Lacasse (14.), 2-0 Birgitta Sól Vilbergsdóttir (20.), 3-0 Cloé (22.), 4-0 Cloé (45.), 4-1 Karólína Jack (49.), 5-1 Cloé (56.).
**Rautt spjald:** Fatma Kara, HK/Víkingur. (86.).

**FH - Stjarnan 1-4**
1-0 Diljá Ýr Zomers (26.), 1-1 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (28.), 1-2 Guðmunda Brynja Óladóttir (34.), 1-3 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (83.), 1-4 Sigrún Ella Einarsdóttir (89.).

### Olís-deild karla

**Akureyri - Selfoss 30-36**
**Akureyri:** Friðrik Svavarsson 8, Hafþór Már Vignisson 7, Garðar Már Jónsson 4, Patrekur Stefánsson 3, Brynjar Hólm Grétarsson 3.
**Selfoss:** Atli Ævar Ingólfsson 6, Elvar Örn Jónsson 6, Haukur Þrastarson 6, Hergeir Grímsson 4, Árni Steinn Steinþórsson 4.

**Afturelding - ÍR 28-27**
**Afturelding:** Elvar Ásgeirsson 6, Birkir Benediktsson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 5, Júlíus Þórir Stefánsson 3, Emils Kurzemniesk 3.
**ÍR:** Bergvin Þór Gíslason 10, Sturla Ásgeirsson 6, Stephen Nielsen 4, Pétur Árni Hauksson 2, Björgvin Hólmgeirsson 1.




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 18. SEPTEMBER 2018

## Heilsa



**Hreyfing bætir geðið auk þess að hafa önnur góð áhrif á heilsuna. Þótt mörgum þyki erfitt að fara úr sófanum eftir erfiðan vinnudag er samt ansi margt sem mælir með því að fólk taki á honum stóra sínum og hreyfi sig eitthvað í hverri viku.**

→4






„Ég hitti mann á tónleikum á Jómfrúnni í upphafi sumars. Hann hafði æft CrossFit í allan vetur ásamt félaga sínum og fannst þeim báðum mjög gaman. Ég hreifst svo af frásögn hans að ég sagði bara við hann að ég skyldi mæta strax," segir Hólmfríður Guðmundsdóttir, áttræður CrossFit-iðkandi. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Gaman að djöflast aðeins

Hólmfríður Guðmundsdóttir hóf að æfa CrossFit í upphafi síðasta sumars með hópi fólks á aldrinum 70-80 ára. Sjálf er hún áttræð og segir í algjörum forgangi að hreyfa sig enda sé hún óvenju sprækt gamalmenni. →2



Í hópnum hennar Hólmfríðar Guðmundsdóttur eru konur og karlar á aldrinum 70-80 ára og er andinn mjög góður. Hólmfríður ætlar að halda áfram í CrossFit næstu mánuðina.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Það var fyrir algjöra tilviljun sem hin áttræða Hólmfríður Guðmundsdóttir hóf að stunda CrossFit-íþróttina síðasta sumar. Hún hafði sótt jógatíma og stundað dansleikfimi í Kramhúsinu í miðbæ Reykjavíkur í aldarfjórðung auk þess sem hún sótti vatnsleikfimi á Seltjarnarnesinu í 28 ár. Þegar Kramhúsið fór í hefðbundið þriggja mánaða sumarfrí í upphafi síðasta sumars hugðist Hólmfríður sækja tækjasal úti á Seltjarnarnesi en þá gripu örlögin í taumana að hennar sögn. „Það má svo sannarlega segja að þetta hafi allt saman verið mikil tilviljun. Ég hitti mann á tónleikum á Jómfrúnni í upphafi sumars. Hann hafði æft CrossFit í allan vetur ásamt félaga sínum og fannst þeim báðum mjög gaman. Ég hreifst svo af frásögn hans að ég sagði bara við hann að ég skyldi mæta strax.“

## Bjóst ekki við neinu

Hún mætti í næsta tíma og tók tvær vinkonur sínar með. „Ef ég á að vera hreinskilin vissi ég ekki hverju ég átti von á og bjóst því svo sem ekki við einu né neinu. En tímarnir eru búnir að vera mjög skemmtilegir og það gerir eiginlega útslagið hversu góður og skemmtilegur þjálfari okkar, Sólveig Gísladóttir, er. Hún vakir yfir okkur með arnfrán augu sín og ef við gerum eitthvað vitlaust þá leiðréttir hún okkur fallega.“

Það hefur fjölgað talsvert í hópnum frá því Hólmfríður byrjaði. „Ríkissjónvarpið leit til dæmis í heimsókn til okkar og þá fjölgaði í hópnum í kjölfarið. Mig grunað að vinsældir CrossFit eigi eftir að aukast enn frekar í vetur enda erum við Íslendingar duglegir að taka ýmis æði.“

## Mikil fjölbreytni

Hólmfríður segist ekki eiga neinar uppáhaldsæfingar enda séu þær fjölbreyttar og stoppað sé stutt á hverri æfingastöð. „Það eru svo hraðar skiptingar og margvíslegar æfingar að maður nær ekki að verða leiður. Svo fann ég fljótt að ég styrktist við þessar æfingar. Við hjólum, róum, lyftum lóðum, hendum boltum og margt fleira skemmtilegt þannig að fjölbreytnin er mikil sem er mikill kostur. Ef ungur iðkandi myndi kíkja inn í salinn til okkar þætti honum vafalaust fyndið að sjá okkur gamalmennin djöflast.“

> „Ef ég á að vera hreinskilin vissi ég ekki hverju ég átti von á og bjóst því svo sem ekki við einu né neinu. En tímarnir eru búnir að vera mjög skemmtilegir og það gerir eiginlega útslagið hversu góður og skemmtilegur þjálfari okkar, Sólveig Gísladóttir, er.

## Byrjaði um fimmtugt

Þrátt fyrir að vera duglegri en margar áttræðar konur í kringum hana hefur Hólmfríður ekki alltaf stundað útivist og líkamsrækt. „Ég byrjaði ekki fyrst á þessu fyrr en um fimmtugt. Í fyrstu var ég í jóga hér á landi en síðan bjó ég í San Francisco í fimm ár en þar stundaði ég mikla og stífa leikfimi. Eftir árin í Bandaríkjunum bjó ég í Kaupmannahöfn og þar tók jóga aftur við. Fyrir þennan tíma gerði ég aldrei neitt sérstakt þegar kom að hreyfingu.“

## Styrkjandi og hressandi

Hólmfríði finnst afar mikilvægt að eldra fólk stundi einhvers konar hreyfingu eða líkamsrækt við sitt hæfi. „Fyrir mig og flesta sem ég þekki er það í algjörum forgangi að hreyfa sig. Þótt það sé bara að skreppa í góðan göngutúr eða kíkja í sund. Ég kem alltaf svo endurnærð til baka. Svo eru það svona hóptímar eins og CrossFit sem eru mjög styrkjandi og hressandi á allan hátt. Það má eiginlega segja að maður yngist við að stunda CrossFit sem þýðir auðvitað að ég og fleiri geta búið lengur heima í stað þess að fara á elliheimili. Þannig græða allir. Ég get að minnsta kosti ekki hætt, enda 80 ára og óvenju sprækt gamalmenni.“



Tekið vel á því með ketilbjöllum á einni æfingastöðinni fyrr í sumar.



Hraðar skiptingar og fjölbreyttar æfingar gera tímana skemmtilega.



Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sérlyfjaskrá.is. September 2018.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Líkamsrækt og hlaup

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjást hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Ekkert lát er á vinsældum þessa liðbætiefnis og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem öðlast nýtt líf.

Nutrilenk liðbætiefnin eru Íslendingum góðkunn. Gold, Active og Gel eiga það öll sameiginlegt að þau hjálpa til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Nutrilenk Active smyr stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Nutrilenk Gel er kælandi og bólgu-eyðandi og hentar bæði á auma liði og vöðva. Nutrilenk Gold er þekktasta efnið en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss. Þetta bætiefni, Nutrilenk, getur breytt allri líðan og lífi fólks og það bætist stöðugt í reynslu-sögurnar.

> **Það er NUTRI-LENK að þakka að ég get gert hlaupið og gengið á fjöll án þess að hafa áhyggjur af verkjum.**
>
> **Jóhann Gunnarsson**

### Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en það er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af þessum efnum. Til þess að gera þessi innihalds-efni virk, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frá-sogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest og hentar fólki á öllum aldri.



### Get hlaupið og gengið á fjöll

Jóhann Gunnarsson byrjaði að taka Nutrilenk Gold fyrir u.þ.b. ári og hefur líf hans og líðan gjörbreyst í kjölfarið:

„Ég sleit krossband fyrir mörgum árum og hef farið í nokkrar liðþófaaðgerðir. Þegar ég byrjaði að hlaupa fyrir alvöru fyrir ca. fimm árum var ég alltaf með verki í hnjánum og í upphafi síðasta árs voru verkirnir þannig að ég gat nánast ekki stigið í fótinn. Ég tók mér pásu og byrjaði aftur en alltaf komu verkirnir aftur og það var svo komið að ég gat ekki stigið í fótinn nema að finna fyrir verkjum og oft vaknaði ég á nóttunni með verki. Fyrir u.þ.b. ári byrjaði ég að taka Nutrilenk Gold að staðaldri og smám saman gat ég farið að ganga eðlilega og hlaupa aftur. Núna get ég gengið og hlaupið verkjalaus og finn ekkert fyrir verkjum eftir mikil átök og kemst auðveldlega af stað aftur. Í sumar kláraði ég hálft maraþon og fjallahlaup án verkja og þessu þakka ég NUTRILENK.“



### Fann ótrúlega fljótt mun

Erna Geirlaug Árnadóttir er 42 ára innan-hússarkitekt sem hreyfir sig mjög mikið. Hún hreyfir sig alla daga og tekur vel á í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

„Ég er búin að æfa mikið síðustu ár; hlaupa, stöðvaþjálfun, tabata o.fl. og varð alltaf þreytt og aum í liðum og beinum eftir æfingar. Mér var bent á að prufa Nutrilenk Gold og byrjaði ég á að taka 6 töflur á dag í nokkrar vikur. Ég fann ótrúlega fljótt mun til hins betra svo ég ákvað að prufa að taka líka 1 töflu af Nutri-lenk Active því ég var enn með verki og eymsl í höndum. Active virkar eins og smurning fyrir liðina en ég fann mikinn mun á mér og eru verkirnir nú horfnir. Í dag tek ég 4 Gold og 1 Active daglega. Ekki má gleyma Nutrilenk gelinu sem ég nota á axlir og hné en það kælir og dregur úr bólgum. Ég get því hiklaust mælt með öllum Nutrilenk vörunum, án þeirra gæti ég ekki hreyft mig eins mikið og ég geri í dag, verkjalaus.“



### Er laus við gigtarlyfið

Sigrún Björk Sverrisdóttir tekur Nutrilenk Gold alla daga en hún er með slitgigt í hálsi og finnur einnig til í axla- og mjaðmaliðum: „Ég hafði tekið bólgu- og verkjastillandi gigtarlyf í ein 7 ár þegar læknirinn benti mér á að nú væri tími kominn á að endurskoða hlutina því það er ekki gott að taka lyfið í mjög langan tíma. Ég hafði stuttu áður byrjað að taka Nutrilenk Gold þannig að ég tók gigtarlyfið alveg út og fór að taka Nutrilenkið af fullum krafti. Fyrst 3 sinnum 2 töflur á dag og síðar 3-4 töflur. Það tók mig nokkrar vikur að finna einhvern mun en ég þráðist við og tók þá stundum 5 töflur á dag. Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því. Nú eru fleiri í fjölskyldunni farnir að taka Nutri-lenk Gold m.a. vegna slæmsku í hnjám og allir eru jafn ánægðir.“



# tetesept á Íslandi

**Fæðubótarefni frá tetesept fást nú í fyrsta sinn á Íslandi. Um er að ræða sjö mismunandi fæðubótarefni en þau sem hafa verið vinsælust í Evrópu eru B12-vítamín forðatöflur, B12-vítamín uppbótarskammtur á vökvaformi og Laktase 16.000, langvirkar laktósatöflur.**



Skortur á B12-vítamíni er ein helsta orsök þess að fólk þjáist af blóðleysi. Einkennin geta verið lúmsk en þau helstu eru þreyta og máttleysi. Í boði eru tvær gerðir af B12-vítamíni frá tetesept. Annars vegar B12 uppbótarskammtur í vökvaformi og hins vegar B12 forðatöflur. Pakkinn með B12 uppbótarskammti inniheldur sjö glös af þessu mikilvæga vítamíni og er hugsaður sem vikumeðferð við miklum B12-vítamínskorti. Í hverju glasi er fyrirfram reiknaður uppbótarskammtur sem er stærri en hefðbundinn skammtur af B12-vítamíni. Eftir vikumeðferð er hægt að færa sig yfir í forðatöflur af B12-vítamíni til að viðhalda réttum gildum af B12 í blóðinu," segir Magdalena Margrét Jóhannsdóttir, markaðsstjóri hjá Williams & Halls, umboðsaðila tetesept á Íslandi.

„B12-vítamín fæst eingöngu úr dýraafurðum. Þeir sem neyta ekki slíkra afurða þurfa t.d. að huga sérstaklega að því að taka inn B12-vítamín," minnir Magdalena á.

**„Við hjá Williams&Halls erum afar stolt af því að geta nú boðið upp á vörur frá tetesept hér á landi."**




**Laktase 16.000 eru einu laktósatöflurnar á markaðnum sem hafa fjögurra klukkustunda virkni.**

### Laktósatöflur með lengri virkni

„Laktase 16.000 laktósatöflurnar frá tetesept fást loksins hérlendis. Þær innihalda 16 þúsund einingar af laktósa, sem er það ensím sem gjarnan vantar í líkama þeirra sem þjást af mjólkur- eða laktósaóþoli. Þetta ensím brýtur niður mjólkursykruna laktósa en vöntun á því getur valdið fólki miklum erfiðleikum með meltingu og haft gríðarleg óþægindi í för með sér. Laktase 16.000 eru einu laktósatöflurnar á markaðnum sem hafa fjögurra klukkustunda virkni en það gefur þeim sem eru með laktósaóþol meiri sveigjanleika til að neyta mjólkurvara en áður hefur þekkst," segir Magdalena.

### Vel þekkt fjölskyldufyrirtæki

tetesept er þýskt fjölskyldufyrirtæki sem er þekkt um alla Evrópu. Það sérhæfir sig í fæðubótarefnum og bað- og sturtuvörum. „Fæðubótarefnin frá tetesept eru með þeim söluhæstu í Evrópu, enda um að ræða gæðavörur á góðu verði. Við hjá Williams & Halls erum afar stolt af því að geta nú boðið upp á þessar vörur hér á landi."

tetesept leitað við að vera í fararbroddi á sínu sviði og býður reglulega upp á spennandi nýjungar. „Ég get nefnt Femi Baby en það inniheldur vítamín, steinefni og fitusýrur sem henta sérstaklega konum sem hyggja á barneignir, eru í barneignum eða eru með barn á brjósti," segir Magdalena.

Hún hvetur áhugasama til að fylgjast með Williams & Halls á Facebook og Instagram. „Við erum reglulega með skemmtilega gjafaleiki á samfélagsmiðlum. Ef einhverjar spurningar vakna má líka senda okkur línu," segir Magdalena.




**Femi Baby inniheldur vítamín, steinefni og fitusýrur sem henta sérstaklega konum sem hyggja á barneignir, eru í barneignum eða með barn á brjósti.**




**Pakkinn með B12 uppbótarskammti inniheldur sjö glös af þessu mikilvæga vítamíni og er hugsaður sem vikumeðferð við miklum B12-vítamínskorti.**




**Forðatöflur af B12-vítamíni frá tetesept viðhalda réttum gildum af B12 í blóðinu.**

Vörurnar frá tetesept fást í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum.

# Hreyfing bætir geð og heilsu

**Stæltur líkami er ekki það eina sem fólk græðir með því að stunda líkamsrækt. Hún er líka mjög góð fyrir heilann og andlegu hliðina. Alltaf er verið að segja fólki að hreyfa sig meira en fyrir suma getur verið erfitt að komast upp úr sófanum.**

Staðreyndin er sú að fólk á mun auðveldara með að takast á við streitu ef það er í líkamlega góðu formi. Það þarf aðeins 30-45 mínútna hreyfingu þrisvar í viku til að efla líkamlegan þrótt og andlega líðan.

Á sama tíma getur fólk minnkað hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum. Þá dregur regluleg hreyfing sömuleiðis úr hættu á því að fá of háan blóðþrýsting. Að þjálfa líkamann lítið er betra en ekkert.

Í líkamsrækt eykst kortisólframleiðsla í líkamanum en það er streituhormón. Að lokinni æfingu fellur þetta hormón niður. Því meira og oftar sem maður hreyfir sig, því minna eykst framleiðsla á kortisól meðan á æfingu stendur og fellur síðan enn meira en vanalega að lokinni þjálfun. Það gerir að verkum að ef maður stressast upp vegna einhvers í hinu daglega lífi getur líkaminn betur ráðið við það álag.

Líkamsrækt stuðlar sömuleiðis að betra sjálfsmati. Hreyfing getur þannig haft bætandi áhrif á hjónabandið þar sem líkamsrækt kemur fólki í betra andlegt jafnvægi auk þess sem fólk verður frekar afslappað og geðbetra. Hreyfingin eykur vellíðunarhormónið endorfín.

Samkvæmt amerískri rannsókn sem birtist í American Journal of Psychiatry þarf maður ekki að hreyfa sig nema þrisvar í viku til að minnka líkur á kvíða og þunglyndi. Því meira sem þú hreyfir þig, því betur líður þér andlega.

Kyrrsetufólk þarf að hreyfa sig í hálftíma eða meira á dag til að koma í veg fyrir ýmsa lífsstílstengda sjúkdóma. Nauðsynlegt er að standa upp á 30 mínútna fresti og ganga smávegis um, upp og niður stiga, eða taka smá göngutúr fyrir utan vinnustaðinn. Helst ætti fólk að gera einhvers konar styrktaræfingar að minnsta kosti þrisvar í viku.

Þeir sem eru hættir að vinna sökum aldurs ættu skilyrðislaust að hreyfa sig, helst daglega. Styrktaræfingar eru mikilvægar fyrir eldra fólk sem yngra. Æfingarnar þurfa ekki að vera flóknar til að gera gagn. Ef fólk er í góðu formi er það til dæmis betur undir það búið að fara í ýmsar aðgerðir sem stundum er þörf fyrir þegar aldur færist yfir.

Hreyfingin getur verið ganga, sund, dans eða þjálfun í líkamsræktarsal. Hver og einn ætti að leitast við að finna hreyfingu við hæfi.



**Það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig og æfa. Að þjálfa líkamann lítið er betra en ekkert.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Slakaðu á með Slökun




## Einkenni magnesíum-skorts

- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur

Mamma Veit Best

HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

# Áhrifarík meðferð við leggangaþurrki

Íslenska lyfjafyrirtækið Florealis býður upp á leggangagelið Smaronia sem er einstök meðferð við leggangaþurrki og öðrum óþægindum á kynfærasvæði oft tengdum tíðahvörfum.

Smaronia er margprófað og sýna niðurstöður klínískra rannsókna að um er að ræða áhrifaríka meðferð við þurrki, sviða og særindum í leggöngum,“ segir dr. Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna og þróunarstjóri Florealis.

Smaronia er náttúrulegt gel í leggöng sem hefur viðurkennda virkni sem lækningavara. „Gelið inniheldur hýalúrónsýru sem veitir góðan raka og jurtaútdrátt úr rauðsmára (red clover) sem stuðlar að þykkari legslímhúð og eykur teygjanleika hennar,“ segir Elsa.

„Auk þess eru efnasambönd í gelinu sem mynda varnarhjúp sem viðheldur náttúrulegum raka í slímhúð legganga ásamt því að veita vörn gegn ertandi efnum og örverum. Þannig myndar Smaronia kjöraðstæður fyrir slímhúðina til að endurnýja sig og viðhalda heilbrigði legganga,“ bætir Elsa við.

Smaronia er náttúrulegt gel í leggöng sem hefur viðurkennda virkni sem lækningavara en konur á öllum aldri geta upplifað þurrk í leggöngum.




„Smaronia myndar kjöraðstæður fyrir slímhúðina til að endurnýja sig og viðhalda heilbrigði legganga,“ segir Elsa, þróunarstjóri Florealis. MYNDIR/ERNIR

### Leggangaþurrkur er algengur vandi

Konur á öllum aldri geta upplifað þurrk í leggöngum, t.a.m. eftir barnsburð, þótt tíðnin aukist umtalsvert um og eftir tíðahvörf. Þetta er vandamál sem konum finnst almennt óþægilegt að ræða um og þær upplifa því oft á tíðum að vera einar um að kljást við þennan vanda.

Talið er að aðeins um fjórðungur kvenna sem upplifa þessi óþægindi sæki sér meðferð. Leggangaþurrki geta fylgt ýmis önnur óþægindi eins og kláði, sviði og sársauki við samfarir.

> Smaronia er margprófað og sýna niðurstöður klínískra rannsókna að um er að ræða áhrifamikla meðferð við þurrki, sviða og særindum í leggöngum.
>
> Elsa Steinunn Halldórsdóttir

### Smaronia veitir áhrifaríka meðferð

„Þegar slímhimnan í leggöngunum þynnist og þornar getur hún orðið viðkvæm fyrir ertandi efnum og árásum sýkla úr umhverfinu en tíðni sýkinga í leggöngum eykst um og eftir tíðahvörf. Við teljum því að Smaronia geti hjálpað fjölda kvenna að öðlast meiri lífsgæði,“ segir Elsa að lokum.

Smaronia fæst í öllum helstu apótekum. Frekari upplýsingar um vöruna er að finna á www.florealis.is.

# Munngæti úr ávöxtum jarðar

Þegar haustar er búsældarlegt að eiga heimalagað sultutau í skápunum. Nú er því kjörið að matbúa sem mest úr berjauppskeru jarðar og búa sér í haginn til að njóta með nýbökuðu góðgæti í vetur.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Haustið er uppskerutími íslenskra berja þótt berjasprettа hafi verið misjöfn eftir landshlutum þetta árið. Margir eiga bústin ber í fórum sínum eftir að hafa farið í berjamó á haustdögum og þar sem ekki hefur enn fryst er hægt að finna safarík ber á lyngi og runnum lands. Að búa til sultur heima er bæði einfalt og skemmtilegt og fyllir hverja húsfreyju og húsbónda stolti að bera á borð heimagerðar sultur með ýmsu bakkelsi og réttum. Sultutau í krukkuvís er enda drjúg og nytsamleg búbót og passar jafn vel ofan á kex með ostum og ristað brauð, sem og í smákökur, á vöfflur, pönnukökur og tertur, og setur punktinn yfir i-ið sem meðlæti með hvers kyns kjöti. Því er nú ekkert að vanbúnaði að drífa sig á berjamó og hefjast handa við dýrindis og skemmtilega sultugerð.



Heimalagaðar sultur eru gómsætt meðlæti með kaffibrauðinu.

## Krækiberjahlaup

**2 dl krækiberjasafi**
**2 kg sykur**
**3 pk. hleypir (Melatín/gult)**
**1 tsk. vínsýra**
**Safi úr einni sítrónu**

Hakkið berin og síið þau eða notið berjapressu. Hellið saftinni í pott. Blandið hleypiefninu út í og látið suðuna koma vel upp. Setjið sykurinn út í og látið sjóða í tvær mínútur.
Takið pottinn af hellunni, blandið vínsýrunni út í og hrærið vel saman. Hellið hlaupinu á hrein og soðin glös. Lokið strax.

## Rifsberjahlaup

**2 kg rifsber (stilkar og smávegis af laufblöðum haft með)**
**1½ kg strásykur**

Setjið rifsber, stilka og lauf í pott ásamt sykrinum. Látið suðu koma upp og sjóðið við vægan hita í tíu mínútur. Takið af hellunni og látið aðeins kólna. Setjið aftur á suðu og sjóðið nú í fimm mínútur. Gerið þetta alls þrisvar sinnum. Hellið í gegnum sigti og merjið aðeins með ausu eða sleif. Setjið saftina aftur í pott og látið nú suðuna koma upp og látið sjóða í eina mínútu. Veiðið froðuna ofan af.
Hellið í litlar krukkur. Breiðið bökunarpappír eða viskustykki yfir og látið kólna. Lokið vel og merkið með dagsetningu og innihaldi. Setja má hring af smjörpappír ofan á hlaupið, ef vill.
**Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna**



Rifsberin voru sein til að roðna og bústna í íslenska rigningarsumrinu sunnanlands í sumar, en gott er rifsberjahlaupið.

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

### Rafvirkjun

**Gvendarbás.**
**Rafvirki - Alhliða raflagnir**
**Sími 853-1199**
**gvendarbas@simnet.is**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og faglegt starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA



## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

### Atvinna í boði

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakarí í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00. Og annanhvern laugardag. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir

Eignasala.is
LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali



**Mánagata 3,**
**230 Reykjanesbæ**



**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30-18:00**

Mjög mikið endurnýjuð 3 herbergja íbúð á jarðhæð í tvíbýli. **Verð kr.32.500.000.-**

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. september 2018, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2018 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. september 2018, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 18. september 2018***

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

## Atvinna

# FRAMKVÆMDASTJÓRI TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Tónverkamiðstöð auglýsir eftir kraftmiklum og drífandi einstaklingi í stöðu framkvæmdastjóra.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga og þekkingu á íslenskri samtímatónlist, hafa góða skipulagshæfileika og vera mjög tæknifær. Um fullt starf er að ræða og miðað er við að ráðið sé í stöðuna frá 1. janúar 2019.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð og umsjón með öllum verkefnum miðstöðvarinnar.
- Ábyrgð og umsjón með fjármálarekstri Tónverkamiðstöðvar.
- Ábyrgð og umsjón með starfsmannamálum.
- Samninga og skýrslugerð.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana sem og vinna við stefnumótun.
- Samskipti við erlenda og innlenda samstarfsaðila s.s. Tónskáldafélag Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Landsbókasafn, Íslandsstofa, ÚTÓN og ýmsar tónlistarhátíðir í samtímatónlist.
- Fjáröflun og umsjón með umsóknum vegna styrkveitinga.
- Yfirumsjón með gagnagrunni og söluvef miðstöðvarinnar.
- Yfirumsjón með nýskráningu tónverka.
- Vinna að kynningu á þeim verkum sem miðstöðin varðveitir bæði innanlands og erlendis.
- Tryggja þjónustu og aðgengi að þeim tónverkum sem miðstöðin hefur á skrá.
- Sjá um heimasíðu miðstöðvarinnar, vefbúð, samfélagsmiðla og fréttabréf.

**Umsóknarfrestur er til 30. september.**
**Nánari upplýsingar á mic.is/is**

TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
ICELAND MUSIC INFORMATION CENTRE

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Sæluvíman kom mér í gegnum leikinn

**HANDBOLTI** Gísli Þorgeir Kristjánsson, handboltamaður úr Hafnarfirði, lék sinn fyrsta keppnisleik síðan hann varð fyrir axlarmeiðslum í leik með uppeldisfélagi sínu, FH, í leik gegn ÍBV í úrslitakeppni Olísdeildarinnar síðasta vor.

Síðan þá hefur hann haft vistaskipti til Kiel, en meiðslin hafa aftrað því að hann fengi draum sinn uppfylltan með því að spila fyrir þýska stórveldið. Gísli segir að eftir nokkur bakslög með öxlina sé hún að nálgast fyrri styrk hægt og rólega.

Adrenalínvíma og síðan sælutilfinning hafi orðið til þess að hann fann ekki fyrir eymslunum þegar hann þreytti frumraun sína fyrir Kiel í sigri gegn Bietigheim í leik í þýsku efstu deildinni á sunnudagskvöld.

„Þetta er búið að vera langur tími og sérstaklega erfitt af því að ég hélt að ég væri orðinn góður í sumar og gæti leikið mína mótsleiki með landsliðinu gegn Litháen í umspilinu um sæti á EM. Það kom bakslag í meiðslin þar sem urðu til þess að ég áttaði mig á því að ég yrði að taka mér meiri tíma til þess að koma mér aftur inn á völlinn,“ segir Gísli Þorgeir í samtali við Fréttablaðið.

„Alfreð [Gíslason, þjálfari Kiel] lét mig vita í aðdraganda leiksins að hann sæi fyrir sér að ég myndi spila 10-15 mínútur í þessum leik og ég var ofboðslega spenntur. Það var smá skrekkur þegar hann kallaði á mig og sagði að ég væri að fara inn á. Það var gjörsamlega geggjað að spila mínar fyrstu mínútur fyrir Kiel og þetta var bara eins og í draumi. Þetta er það sem mig hefur dreymt um síðan ég var lítill strákur og þarna var þetta að verða að veruleika,“ segir Gísli Þorgeir um tilfinninguna sem fylgdi því að klæðast Kiel-treyjunni í fyrsta skipti.



Gísli Þorgeir Kristjánsson í leik með FH síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég átti gott spjall við pabba gamla á leikdegi og hann lagði ríka áherslu á það við mig að njóta augnabliksins.**
>
> Gísli Þorgeir Kristjánsson

„Ég átti gott spjall við pabba á leikdegi og hann lagði áherslu á það við mig að njóta augnabliksins. Ég gerði það svo sannarlega og ég lék bara með bros á vör. Mér tókst vel upp við að stýra sóknarleiknum og var einbeittur á að standa mig vel. Það hefur verið tekið vel á móti mér hérna og liðið er mjög rútínerað og það hjálpar mér mikið,“ segir miðjumaðurinn um upplifun sína af leikdeginum.

„Við erum þrír miðjumenn hjá liðinu, ég, Domagoj Duvnjak og Miha Zarabec. Duvnjak getur ekki leikið alla leikina með liðinu þar sem hann á erfitt með að höndla mikið álag vegna meiðsla og við Zarabec erum í samkeppni um þær mínútur sem hann getur ekki spilað. Það er geggjað að æfa og spila með leikmönnum í þessum gæðaflokki og hollt fyrir mig að vera kominn í mikla samkeppni. Ég sé fyrir mér að þegar ég verð orðinn alveg góður af axlarmeiðslunum muni ég spila 10-15 mínútur í þeim leikjum þar sem það hentar á þessari leiktíð,“ segir hann um hlutverk sitt hjá liðinu.

„Við erum klárlega með lið sem getur barist um þýska meistaratitilinn. Við erum búnir að tapa tveimur leikjum, en það var á erfiðum útivöllum, í hörkuleikjum. Magdeburg er á toppnum núna, en þeir unnu okkur í hörkuleik þar sem sigurinn hefði getað endað báðum megin. Ég er mjög spenntur fyrir þessu keppnistímabili,“ segir Hafnfirðingurinn um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**












Búið var að hafa til flugelda í tilefni dagsins sem fara hér á loft í bakgrunni er Blikastúlkur fagna Íslandsmeistaratitlinum á Kópavogsvelli. Þær voru lengi í gang í gær en héldu áfram og náðu á endanum að brjóta niður seiga Selfyssinga og innsigla sigur með þriðja markinu. Er þetta í fyrsta sinn í þrettán ár sem Breiðablik vinnur tvöfalt, Íslands- og bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Blikar bættu titli í bikarasafn sitt

Breiðablik vann tvöfalt í ár og fagnaði í gær 17. meistaratitli sínum. Ekkert annað lið hefur unnið fleiri en tíu titla.



Hin 18 ára gamla Alexandra Jóhannsdóttir reyndist hetja Blika í gær, hún skoraði tvívegis og Blikar fagna hér síðara markinu sem innsiglaði sigurinn og um leið Íslandsmeistaratitilinn.



Sonný Lára Þráinsdóttir, markvörður og fyrirliði Blika, hefur bikarinn á loft á Kópavogsvelli í gærkvöld við gríðarlegar undirtektir leikmanna og stuðningsmanna sem voru á vellinum.



Landsliðskonan Agla María Albertsdóttir var öflug á kantinum í gær og lagði upp þriðja mark Blika sem innsiglaði sigurinn.



Þjálfarinn Þorsteinn Halldórsson fékk tolleringu að hætti hússins í leikslok. Honum leist ekki á blikuna í aðdraganda þess en skoraðist ekki undan og fékk flugferð í boði leikmannanna.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, sonar, bróður og barnabarns okkar,

**Einars Kristjáns Guðmundssonar**

Tjarnarbóli 14.

Sérstakar þakkir færum við Jóni G. Bjarnasyni og öðru starfsfólki Útfararstofu Kirkjugarðanna fyrir aðstoð og fagmannleg vinnubrögð við framkvæmd og skipulagningu útfararinnar. Einnig viljum við þakka vinum og vandamönnum fyrir hlýhug og stuðning.

**Alía Margrét Einarsdóttir**
**Guðmundur Gunnarsson** **Thassanai Thaebthao**
**Ingifríður Ragna Skúlad.** **Guðmundur Guðbjartsson**
**Guðmundur Dór Guðmundsson**
**Hrafnkell Skúli Guðmundsson**
**Alexía Ýr Magnúsdóttir**
**Patrik Birnir Guðmundsson**
**Aron Máni Guðmundsson**
**Margrét Dóra Guðmundsd.** **Moritz W. Sigurðsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Ragnar Einarsson**

Sólheimum 23, Reykjavík,

andaðist í Veiðivötnum 9. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 21. september klukkan 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og minningarsjóð Tónstofu Valgerðar.

**Erla Elíasdóttir**
**Bergljót Jónsdóttir** **Oddur Bjarnason**
**Valgerður Jónsdóttir**
**Einar Steinþór Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



Magnús segir kínverskuna ekki eins erfiða og hún hljómi – aðalatriðið sé að ná taktinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kínversk lög og íslensk

**Tíu ára afmæli Konfúsíusarstofnunar verður fagnað í Hörpu annað kvöld með hátíðartónleikum. Kínverskir og íslenskir listamenn koma fram. Ókeypis er inn og allir eru velkomnir.**

Tónlistarmenn frá Tónlistarakademíu Kína eru sérstaklega komnir til Íslands til að spila á hátíðartónleikum í Kaldalónssal Hörpu annað kvöld með íslenskum kollegum. Á efnisskrá eru bæði kínversk og íslensk lög. Tilefnið er tíu ára afmæli Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og háskóla í Kína. Magnús Björnsson er forstöðumaður stofnunarinnar og segir það skemmtilegt embætti. „Það er alltaf fjör hjá okkur, eitthvað nýtt í gangi, bæði í kínverskukennslunni og svo reynum við að efna til áhugaverðra viðburða reglulega, fá fyrirlesara og listafólk að utan.“

Allt rímar þetta við tilgang Norðurljósa sem er sá að stuðla að aukinni fræðslu meðal Íslendinga um kínverska tungu, menningu og samfélag með námskeiðum, fyrirlestrum, ráðstefnum, kvikmyndasýningum og öðrum viðburðum.

Um fimmtán nemendur hófu kínverskunám í haust við HÍ, að sögn Magnúsar, flestir íslenskir. „Fyrri tvö árin eru tekin hér en þriðja árið í Kína,“ lýsir hann og segir fjölda fólks hafa útskrifast á þeim tíu árum sem námið hefur verið í boði. Sumt vinni í opinberri þjónustu, annað sé hjá fyrirtækjum með tengsl við Kína. „Í ferðaþjónustu er kínverskumælandi fólk ómetanlegt vinnuafl, einhverjir eru í þeim bransa,“ segir hann. „Ákveðinn hópur hefur líka ákveðið að snúa ekki heim aftur frá Kína, heldur hefur ílengst þar.“

Magnús hefur stýrt Konfúsíusarstofnuninni á Íslandi í sex ár. Hann talar og skrifar kínversku á hverjum degi. „Ég dvaldi í Kína í ein sjö ár, bæði við nám og vinnu og lærði tungumálið þar. Kínverskan er vissulega ólík íslenskunni en ef áhugi er fyrir hendi er ekkert óyfirstíganlegt og þegar maður er aðeins búinn að ná taktinum og undirstöðuatriðunum er hún ekki eins erfið og hún hljómar og sýnist.“

Auk tónleikanna í Hörpu verður dagskrá í Hátíðarsal aðalbyggingar Háskóla Íslands á morgun milli klukkan 16.30 og 17.30 sem öllum er opin endurgjaldslaust. Þar koma meðal annars fram kínverskir nemendur á tónlistarbraut, komnir um langan veg.

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**Gísli Magnússon**

frá Frostastöðum,
til heimilis að Freyjugötu 28,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Ólöf S. Arngrímsdóttir**
**Magnús Halldór Gíslason** **Sólveig Þrándardóttir**
**Jóda Elín Valgerður Margrétardóttir**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðursystir okkar,

**Kristín Hulda Þór**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold fimmtudaginn 6. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 20. september klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kristniboðssambandið.

**Jón Þór Gunnarsson**
**Gróa Gunnarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson**
**Jóhanna Gunnarsdóttir**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Mogens Lúðvíksson**

sjómaður,
Gyðufelli 10, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans 9. september. Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 20. september kl. 15.00.

**Jóhanna Sigrún Thorarensen**
**Ragnar Ægir Pétursson** **Margrét Pálmadóttir**
**Berglind Ellen P. Petersen**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Bragi Þorsteinsson**

Vatnsleysu, Biskupstungum,

sem lést miðvikudaginn 12. september, verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 22. september klukkan 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Halla Bjarnadóttir**
**Ingunn Birna Bragadóttir**
**Ragnheiður Bragadóttir** **Eymundur Sigurðsson**
**Kristrún Bragadóttir** **Björn D. Þorsteinsson**
**Bragi Steinn, Sigurður og Halla Eymundsbörn**
**og Katrín Ingunn Björnsdóttir**

# Allt fyrir veisluna




**Ginger Beer**
500 ml
319 kr/stk



**Butterfly rækjur**
58-66 stk. í pakka, 1 kg
2.999 kr/pk



**Kjúklingaspjót, Satay**
50 stk. í pakka, 1,5 kg
4.899 kr/pk



**Piccolinis smápizzur**
3 teg. 40 stk. í pakka.
verð frá 1.699 kr/pk



**Nautalund**
Innfluttar, frosnar.
4.139 kr/kg



**Makkarónur,**
6 teg í pakka, 72 stk
5.699 kr/pk



**Mini kleinuhringir**
3 teg. 36 stk. í pakka.
1.599 kr/pk



**Mini brownies**
96 í pakka.
1.949 kr/pk



**TILBOÐ**
Mini hamborgarar, 120 stk,
með brauði, sósu og osti
15.000 kr/pk

Duni *Eitt landsins mesta úrval af DUNI dúkum og servíettum.*

STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN

Faxafen 8 - Sími 567 9585 - www.storkaup.is - storkaup@storkaup.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Mjög svipað veður og var í gær. Allhvass vindur á Vestfjörðum, en rólegra í öðrum landshlutum. Lengst af rigning norðan- og austanlands og hiti undir 10 stigum, en suðvestan til verða sólarkaflar og hiti allt að 13 til 14 stig.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 3° |
| ↓ 11 | ↙ 15 | ↓ 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 9° | 1° |
| ↘ 15 | ↓ 7 | ↓ 13 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -1° | 1° |
| ↓ 12 | ↓ 14 | ↘ 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 9° | -1° |
| ↘ 10 | ↓ 7 | ↓ 15 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | 7 | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | 1 | |
| | | | | 6 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | |
| | | 8 | 6 | | | | | |
| | 2 | | 1 | | 9 | | 3 | 8 |
| | | 6 | | | 3 | | | 7 |
| 9 | 5 | | | | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hausa
5. sund
6. íþróttafélag
8. strráfella
10. í röð
11. pili
12. dóms
13. krukka
15. gallsúr
17. blekkja

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
2. hvaðeinu
3. halli
4. uppskrift
7. safna
9. vanhirða
12. beisli
14. fuglahljóð
16. stefna




**LÁRÉTT:** 1. höfða, 5. áll, 6. fh, 8. slátra, 10. tu, 11. rím, 12. mats, 13. krús, 15. kolsúr, 17. plata.
**LÓÐRÉTT:** 1. hástökk, 2. öllu, 3. flá, 4. afrit, 7. hamstra, 9. trassa, 12. múll, 14. rop, 16. út.

## Skák Gunnar Björnsson

Anand (2.783) átti leik gegn Caruana (2.807) í fimmtu umferð Sinquefield-mótsins í St. Louis.

**26. Dd4!! Dg5** (26.... Hxd4 27. f7D+ og mátar) **27. Hc5! Hxd4 28. f8D+ Kg6 29. Df7+ 1-0.** Sérdeilis glæsilegur leikur hjá Indverjanum.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

**Hvítur á leik**











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is



Heimildarmyndin Söngur Kanemu er sýnd í Bíó Paradís og fjallar um Ernu Kanemu og ferð hennar til Sambíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### 18. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Paal Nilssen-Love/Ken Vandermark
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Paal Nilssen-Love (trommur og slagverk) og Ken Vandermark (blástursshljóðfæri) munu spila saman í kvöld. Dúóið hefur starfað saman frá því um 2002 og sífellt unnið að fleiri verkefnum saman í gegnum árin. Þeir hafa frá því tímabili gefið út sjö plötur sem einkennast einna helst af spuna.

**Hvað?** Flosason/Olding kvartett á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Á næsta jazzkvöldi Kex Hostels, þriðjudaginn 18. september, kemur fram Flosason/Olding kvartett en hann skipa þeir Sigurður Flosason á saxófón, Hans Olding frá Svíþjóð á gítar og Danirnir Jakob Roland Hansen á kontrabassa og Andreas Fryland á trommur. Sigurður og Hans Olding hafa starfað mikið saman undanfarin ár og meðal annars sent frá sér diskinn „Projeto Brasil“ en hann kom út í Svíþjóð fyrir tveimur árum og hlaut góða dóma. Fleiri þræðir tengja meðlimi því Sigurður og Andreas Fryland störfuðu mikið saman með dönsku söngkonunni Cathrine Legardh og var plata þeirra „Land & Sky“ frá 2012 tilnefnd til bæði dönsku og íslensku tónlistarverðlaunanna. Flosason/Olding kvartett flytur tónlist eftir höfuðpaurana en ekki er ólíklegt að nokkur sígræn djasslög fljóti með.

**Hvað?** R6013: Korter í flog, Diesel Dudes (USA), Krakk og Spagettí
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Opið öllum aldurshópum. Framlög eru frjáls en afar vel þegin. Dýraafurðalaus matur í boði! (Býður einhver fram aðstoð við matseld?)

### Viðburðir

**Hvað?** Lokaball – Undraveröld Kron by KronKron
**Hvenær?** 20.00



Sýningunni Undraveröld Kron by KronKron lýkur í dag og af því tilefni verður slegið upp lokaballi í Hönnunarsafninu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands, Garðabæ
Sýningunni Undraveröld Kron by Kronkron lýkur auðvitað með lokaballi. Salsahljómsveitin Mabolitos mun leika sambland af uppáhaldssalsanúmerum hljómsveitarmeðlima ásamt frumsömdum latínukvæðum.

**Hvað?** Söngur Kanemu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Söngur Kanemu er heimildarmynd um leit hinnar söngelsku Ernu Kanemu að söngvum frá Sambíu, heimalandi föður síns. Erna öðlast um leið skilning á tónlistarhefð forfeðra sinna og tekur brot af henni með sér heim til Íslands.

**Hvað?** Stormfuglar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Sandgerðisbæjar
Einar Kárason ræðir nýútkomna bók sína, Stormfugla, sem fjallar um óveðrið á Nýfundnalandsmiðum eða Júlíveðrið 1959. Bókin er skáldsaga byggð á atburðunum þegar íslenski togarinn Máfurinn fórst vestur undir Nýfundnalandi. Kynningin er hluti af viðburðunum „Kynning á bókmenntaarfinum“, sem eru samstarfsverkefni almenningsbókasafna Suðurnesja, styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

### Sýningar

**Hvað?** Innrás III: Matthías Rúnar Sigurðsson
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Matthías Rúnar Sigurðsson vinnur meðal annars höggmyndir í stein. Klassísk handverksnotkun hans kallast skemmtilega á við verk Ásmundar og er fróðlegt að sjá ungan og upprennandi myndhöggvara sýna verk sín í samhengi Ásmundarsafns. Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir í sýninguna List fyrir fólkið, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

**Hvað?** Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Sýningin Lífsblómið fjallar um fullveldi Íslands í 100 ár. Titillinn er sóttur í skáldsögu Halldórs Laxness, Sjálfstætt fólk, sem gerist á þeim tíma er Ísland varð fullvalda ríki. Rétt eins og þetta þekkta bókmenntaverk fjallar Lífsblómið um hina djúpu þrá eftir sjálfstæði. Hún fjallar einnig um það hversu dýrmætt en um leið viðkvæmt fullveldið er. Í hundrað ára sögu fullveldisins hafa ýmsar ógnir steðjað að og varða þær bæði fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, verndun náttúrunnar og þátttöku og ábyrgð í alþjóðlegu samstarfi. Fullveldið er ekki sjálfgefið og því þurfum við að hlúa vel að því. Rétt eins og lítil en harðgerð jurt þarf fullveldið á næringu að halda og þessi næring felst meðal annars í því að skiptast á skoðunum og deila heiminum með öðrum.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 18:00 | Whitney | 20:00 |
| Söngur Kanemu (ENG SUB) | 18:00 | Útey 22. júlí | 22:00 |
| Sorry to Bother You | 20:00 | Sorry to Bother You | 22:10 |
| Útey 22. júlí | 20:00 | Kona fer í stríð (ENG SUB) | 22:15 |




#keyrðueinsogkona

SÓLNING
Meira til skiptanna




CASTLE ROCK
KL. 20:55
Algerlega magnaður sálfræðitryllir úr smiðju J.J. Abrams, byggður á spennuþrungnum skáldsöguheimi Stephens King.




Þrælgott þriðjudagskvöld
Fáðu þér áskrift á stod2.is



MAJOR CRIMES
KL. 20:10
Loka þáttur
Skemmtileg þáttaröð um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



BETTER CALL SAUL
KL. 22:00
Hörkugóðir þættir um lævísa lögfræðinginn Saul Goodman en þessi sería gerist stuttu áður en Breaking Bad sagan hefst.

THE ART OF MORE
KL. 22:50
Spennandi þættir um það sem gerist á bak við tjöldin í listaheiminum í New York en þar er ekki allt sem sýnist.



ONE BORN EVERY MINUTE
KL. 20:50
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingardeild á breskum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Lína Langsokkur
**07.50** Strákarnir
**08.15** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Grantchester
**11.10** Nettir Kettir
**12.00** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.45** American Idol
**15.15** The X Factor UK
**16.25** Wrecked
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest. Sögumaðurinn er 11 ára, tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél og rifjar upp sögur af yfirþyrmandi móður, skapstyggum föður, uppreisnargjarnri eldri systur, stressuðum eldri bróður og svölum afa.
**19.45** Anger Management
**20.10** Major Crimes Sjötta syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tók við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**20.55** Castle Rock
**21.40** Better Call Saul
**22.30** The Art Of More
**23.15** Nashville
**00.00** Ballers
**00.30** Orange is the New Black
**01.25** The Brave
**02.10** The Brave
**02.55** C.B. Strike
**03.55** C.B. Strike
**04.55** C.B. Strike

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Southampton - Brighton
**08.40** Messan
**09.40** Afturelding - ÍR
**11.10** Seinni bylgjan
**12.40** Breiðablik - Selfoss
**14.20** Breiðablik - Stjarnan
**16.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**16.45** Inter - Tottenham
**18.50** Liverpool - PSG
**21.00** Meistaradeildarmörkin
**21.30** Pepsi-mörk kvenna
**22.35** Barcelona - PSV

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Real Sociedad - Barcelona
**08.40** Athletic Bilbao - Real Madrid
**10.20** Spænsku mörkin
**10.50** Blackburn - Aston Villa
**12.30** Football League Show
**13.00** ÍBV - Stjarnan
**14.30** ÍBV - Stjarnan
**16.00** KR - Grindavík
**17.40** Ítölsku mörkin
**18.30** Meistaradeildarmessan
**21.00** Premier League Review
**21.55** Liverpool - PSG
**23.45** Club Brugge - Dortmund

### STÖÐ 3

**19.10** Great News
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute
**21.40** The Originals
**22.25** Supernatural
**23.10** The Hundred
**23.55** The Newsroom
**01.40** Supergirl
**02.25** Legends of Tomorrow
**03.10** Arrow
**03.55** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Lalli
**08.54** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Gulla og grænjaxlarnir
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.23** K3
**10.34** Mæja býfluga
**10.46** Grettir
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Gulla og grænjaxlarnir
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.23** K3
**14.34** Mæja býfluga
**14.46** Grettir
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Gulla og grænjaxlarnir
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.23** K3
**18.34** Mæja býfluga
**18.46** Grettir
**19.00** Frummaðurinn

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24



### GOLFSTÖÐIN

**07.00** Evian Championship
**10.00** Evian Championship
**13.00** Golfing World
**13.50** Evian Championship
**16.50** Evian Championship
**19.50** Golfing World
**20.40** BMW Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** Elsa & Fred
**13.45** Experimenter
**15.25** Flying Home
**17.00** Elsa & Fred
**18.40** Experimenter Dramatísk mynd frá 2015 með Peter Sarsgaard og Winonu Ryder. Myndin er byggð á sögu hins þekkta geðlæknis Stanleys Milgram, sem framkvæmdi röð róttækra tilrauna um hegðun fólks árið 1961.
**20.20** Flying Home
**22.00** Batman v Superman: Dawn of Justice Spennandi ævintýramynd frá 2016 með Ben Affleck, Henry Cavill, Amy Adams, Gal Gadot, Jason Mamoa og fleiri þekktum leikurum. Hinir gríðarlegu kraftar sem Superman er gæddur valda Batman áhyggjum.
**00.30** Partisan
**02.10** The Immigrant
**04.10** Batman v Superman: Dawn of Justice

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Andri á flandri - Í Vesturheimi
**14.30** Úr Gullkistu RÚV: Villt og grænt
**15.00** Framapot
**15.30** Basl er búskapur
**16.00** Veröld sem var
**16.30** Menningin - samantekt
**16.55** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Bitið, brennt og stungið
**18.16** Handboltaáskorunin
**18.28** Strandverðirnir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Bannorðið
**21.10** Stacey Dooley: Andspænis íslamska ríkinu
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Grafin leyndarmál
**23.10** Nikolaj og Júlía
**23.55** Mótorsport
**00.25** Kastljós
**00.40** Menningin
**00.50** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.55** Superstore
**14.20** Top Chef
**15.10** American Housewife
**15.35** Kevin (Probably) Saves the World
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Black-ish
**20.10** Rise
**21.00** The Good Fight
**21.50** Star
**22.35** I'm Dying Up Here
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI: Miami
**01.30** Mr. Robot
**02.15** Rillington Place
**03.10** Elementary
**04.00** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

rekkjan HEILSURÚM

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

30% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN

# Royal Alexa

## ROYAL ALEXA Á 30% AFSLÆTTI

Frábært heilsurúm með tvöföldu pokagormakerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkum topp ásamt botni og fótum.



Stærð 140X200 cm
**139.955 kr.**
12.476 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 199.935 kr.**



Stærð 160X200 cm
**158.019 kr.**
14.034 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 225.741 kr.**



Stærð 180X200 cm
**188.336 kr.**
16.649 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 269.051 kr.**

*Langar þig í betri svefn, vakna úthvíld/ur og tilbúin í daginn?*

40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM

KING KOIL 120 ÁRA 1898-2018

*KING KOIL*

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

## GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018



## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimmcsvæða skiptu poka-gorma kerfi, mjúkur toppurcog steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**



*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Klaufabárðarnir í ferðamannaflóðbylgjunni

Ísland er troðfullt af ferðamönnum. Miðað við fjöldann er óumflýjanlegt að einn og einn vitleysingur slæðist með. Fréttablaðið tók saman nokkrar fréttir af ferðamönnum sem vissu ekki alveg hvernig þeir áttu að haga sér hér á landi en í gær bárust fréttir af ferðalöngum sem gáðu ekki að sér við Gróttuvita og þurfti að bjarga þegar flæddi að.

## KINDIN SEM VARÐ HVÍTABJÖRN

Það varð uppi fótur og fit árið 2015 þegar spænskur ferðamaður kom móður og másandi að þjóðgarðsverði og sagðist hafa séð hvítabjörn í Jökulsárgljúfrum, miðja vegu milli Hólmatungna og Vesturdals. Landhelgisgæslan flaug yfir svæðið en enginn hvítabjörn eða ummerki um hann fundust við leitina. Yfirlögregluþjónn sagði við mbl.is að trúlega hefði þetta verið kind eða snjóskafl, já eða hvort tveggja.



## Á SPARISKÓM Í VETRARFÆRÐ

Um 40 bílar festust í ófærð á Reynisfjalli árið 2016. Þegar fréttir bárust af fjallinu kom í ljós að flestir bílanna voru á sumardekkjum og ökumennirnir á lakkskónum. Orri Örvarsson, formaður björgunarsveitarinnar Víkverja, sagði í viðtali við RÚV, að fólk væri greinilega ekki að „fara í einhvern vetur“.





## GPS LEIDDI HANN TIL SIGLUFJARÐAR

Bandarískur ferðamaður sem ætlaði á Hótel Frón á Laugavegi í Reykjavík eftir að hafa lent á Keflavíkurflugvelli árið 2016 endaði á Laugarvegi á Siglufirði vegna misskilnings við notkun á GPS-tæki. Hann var heldur vandræðalegur þegar hann bankaði upp á hjá Sigurlínu Káradóttur, sem býr við Laugarveg á Siglufirði, og spurði hvort Hótel Frón væri í grenndinni.



## HORFÐU UPP EN EKKI NIÐUR

Á sunnudagsnótt var tilkynnt um hóp erlendra ferðamanna sem festist úti í Gróttu eftir að flæddi að. Samkvæmt tilkynningunni var fólkið að horfa á norðurljósin. Björgunarsveit kom með bát og ferjaði fólkið í land.




## JOEY Á ÍSLANDI



Ferðamaður sem vildi ekki greiða gjald til þess að innrita tösku sína í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í upphafi árs greip til þess ráðs að klæða sig í átta buxur og tíu boli eða peysur úr töskunni til að sleppa við gjaldið, líkt og Joey Tribbiani úr þáttaröðinni Friends. Honum var vísað frá og gerð grein fyrir því að hann gæti skapað hættu fyrir aðra farþega þar sem hann gæti tæpast hreyft sig þar sem hann væri svo dúðaður. Þessu snöggreiddist maðurinn, sló í borð og lét öllum illum látum svo að lögreglan á Suðurnesjum var kvödd á staðinn. Hann var handtekinn og færður á lögreglustöð.

## BANNAÐ AÐ LEGGJA

Erlendur ferðamaður sem var að fara í gegnum vopnaleit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í maí reyndist vera með íslenskt umferðarskilti í fórum sínum. Um var að ræða skilti sem gaf til kynna að bifreiðastöður væru bannaðar.

Í samtali við lögreglumann úr flugstöðvardeild lögreglunnar á Suðurnesjum kvaðst ferðalangurinn hafa keypt skiltið af farandsala í vegkanti milli Hafnar í Hornafirði og Víkur í Mýrdal og greitt fyrir það 3.000 krónur. Sá fyrrnefndi afsalaði sér skiltinu sem fært var í áhaldahús Reykjanesbæjar þar sem það unir hag sínum vel.




## HRAÐAKSTUR OG HRINGTORG



Reglulega berast fréttir frá lögreglu af ofurölvi ferðamönnum sem vita hvorki í þennan heim né annan og þurfa að gista fangageymslur þar til víman rennur af þeim. Þá berast reglulega fregnir af ferðamönnum sem eru að drífa sig og hafa ekki hugmynd um að hér sé aðeins hámarkshraði upp á 90 km/klst. Þannig voru tveir teknir í síðustu viku á yfir 150 km hraða á Reykjanesbraut. Sá sem nálgaðist 160 þurfti að greiða 230 þúsund krónur í sekt. Þá kom í ljós við rannsókn Vegagerðarinnar árið 2016 að erlendir ökumenn komu við sögu í 22% þeirra slysa sem urðu á hringtorgum.

# RISA LAGERSALA

## NTC
@GLÆSIBÆR

OPNUM KL. 12 Í DAG

OPIÐ : **12 - 18**

Kultur · galleri sautján · eva
KARAKTER KONUR · gs skór · FLÓ & FRANSÍ · COMPANYS
GK REYKJAVIK · SMASH · URBAN · Kultur menn

# 60-80%
## AFSLÁTTUR

**HERRA- OG DÖMUFATNAÐUR**

**JAKKAFÖT** - HERRASKYRTUR - STAKIR JAKKAR- **KJÓLAR** MIKIÐ ÚRVAL
**GALLABUXUR** - TOPPAR - **ÚLPUR** OG ULLARKÁPUR - FÍNNI BUXUR

**... RISASTÓR SKÓDEILD!**

**LAGERSALA** NTC **@ GLÆSIBÆR**

**YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI**

DIESEL · carhartt · Converse All Star · Herschel Supply Co. · BY MALENE BIRGER · SAMSØE ф SAMSØE · billi bi COPENHAGEN · Cheap Monday · MOSS REYKJAVIK · NIKE · J.LINDEBERG · Paul Smith











Hér má sjá teikninguna á platta sem pabbi Kela gaf honum og á hinni myndinni er Keli með kápuna innrammaða.

# Keli er hinn upprunalegi Harry Potter

Borgarbókasafnið uppljóstraði því á Facebook að trommarinn knái **Keli í Agent Fresco** hefði verið módelið fyrir teikninguna af Harry Potter á fyrstu íslensku útgáfunni af bókinni Harry Potter og viskusteinninn. Lífið náði í skottið á Kela en hann er í Sviss að túra.

Ég get ekki sagt að þetta hafi haft mikil áhrif á líf mitt. Þetta er aðallega bara ógeðslega fyndið. Það samt trúir mér aldrei neinn!“ segir Hrafnkell Örn Guðjónsson, eða Keli eins og hann er alltaf kallaður, þegar blaðamaður spyr hann hvernig tilfinningin sé að það sé orðið opinbert að hann sé fyrirmynd Harry Potter á kápu fyrstu bókarinnar um galdrastrákinn sem gefin var út hér á landi. Þeir sem þekkja Kela vita að hann er mikill brandarakall og eiga því erfitt með að trúa sumu af því sem hann segir og er sagan af honum sem fyrirmynd Harry Potter engin undantekning. Borgarbókasafnið skellti þessum fróðleik þó á Facebook-síðu sína á föstudaginn og með fylgdu ótvíræðar sannanir svo að þetta er bara algjörlega komið á hreint núna.

Keli segir að hann hafi ekki uppskorið mikla frægð í æsku fyrir að vera módelið á teikningunni.

„Nei, ég lít ekkert út eins og Harry Potter – ég var bara einhver rauðhærður krullaður gaur. Pabbi minn teiknaði kápuna og ég fékk að vera með honum aðeins í þessu. Þetta var auðvitað bara fyrsta bókin og við vissum alls ekkert hvað þetta væri – þetta var bara bók um einhvern gaur. Ég var bara að leika mér með pabba að búa til einhvern karakter. Bækurnar voru auðvitað ekkert orðnar vinsælar og engar bíómyndir komnar eða neitt.“

Daniel Radcliffe var líklega bara í bleyju þegar Keli sat fyrir á þessari frægu mynd.

„Ég vil halda það að hann hafi hannað sitt lúkk eftir þessari mynd af mér.“

Þessar útgáfur af Harry Potter og viskusteininum eru núna orðnar gríðarlega sjaldgæfar og raunar safngripir. 1. og 2. prentun ganga kaupum og sölum á internetinu og hægt að fá töluvert fé fyrir. Guðjón Ketilsson, faðir Kela og listamaðurinn bak við myndina, gaf Kela svo upprunalegu myndina, skissurnar og ljósmyndina af honum að sitja fyrir – allt vafalaust eitthvað sem væri hægt að selja rándýrt á réttum stað.

Þegar blaðamaður nær á Kela er hann í Sviss þar sem hann er að spila með hljómsveit sinni Agent Fresco. Hann segir túrinn ganga eins og í sögu og að þeir séu að taka gigg á dag.

Aðspurður hvernig menn nái sér niður á milli tónleika segir Keli að fyrst hann sé í Sviss sé það aðallega gert með því að fá sér einn rjúkandi bolla af kakódrykknum Swiss Miss.

„Þetta gengur miklu betur en við héldum og það er sturlaður fílingur. Við erum líka á flottustu rútu sem ég hef séð í lífinu. Við erum loksins orðnir stjörnur.“

*Getur verið að þið hafið fengið svona flotta rútu vegna þess að þú ert hinn upprunalegi Harry Potter?*

„Já, það var þá! Það var einhver sem sagði að það gengi ekki að Harry Potter væri ekki í flottri rútu,“ segir Keli, eða Harry Potter, hlæjandi. **stefanthor@frettabladid.is**



Hér má sjá ljósmyndina sem var notuð sem fyrirmynd að teikningunni og svo hvernig krullurnar voru fjarlægðar af Kela. Rauði liturinn fékk svo loks að víkja og við tók dökkt hár.



**VIÐ VISSUM ALLS EKKERT HVAÐ ÞETTA VÆRI – ÞETTA VAR BARA BÓK UM EINHVERN GAUR. ÉG VAR BARA AÐ LEIKA MÉR MEÐ PABBA AÐ BÚA TIL EINHVERN KARAKTER.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


-Nýtt-
Doritos crunch wrap
Heit tortilla fyllt með kjúklingi, heitri nachos ostasósu, svörtum Doritos-flögum, kældum sýrðum rjóma, káli og tómötum.
999 kr.
BOXMÁLTÍÐ:
Doritos Crunch Wrap, Fiesta kartöflur, gos og piparfyllt Appolo súkkulaði.
1.599 kr.
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is
TACO BELL

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja




Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Mál að linni

Nú sér loks fyrir endann á einu sorglegasta dómsmáli Íslandssögunnar, en málið var endurflutt í Hæstarétti í síðustu viku, 38 árum eftir að það var flutt þar fyrst. Áratugalangri bið og baráttu sakborninga fyrir endurupptöku málsins og mannorðshreinsun er að ljúka.

Mikilvægan lærdóm má draga af Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Það kennir okkur mikilvægi reglunnar um að sakborningar séu saklausir uns sekt þeirra er sönnuð og að ekki megi víkja frá leikreglum sakamálaréttarfars um fulla sönnun sektar að lögum. Ljóst er að strangar sönnunarkröfur munu í einhverjum tilvikum leiða til þess að sekir menn verða sýknaðir og ganga lausir en það er betri kostur en að saklausir menn verði dæmdir í fangelsi. Slík valdbeiting er ófyrirgefanleg og jafnvel óafturkræf, eins og sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu þekkja af eigin raun.

Það er nauðsynlegt fyrir alla að fá endalok í þetta mál. Í endalokunum felst að sakborningarnir verða sýknaðir. Það kom því nokkuð á óvart að heyra kröfu eins verjanda í málinu þar sem hann gerði kröfu um að Hæstiréttur ætti ekki aðeins að sýkna skjólstæðing sinn, heldur jafnframt lýsa sérstaklega yfir sakleysi hans. Ekki veit ég hvers vegna slík krafa er sett fram, því hún gefur því undir fótinn að málinu sé ekki lokið ef ekki verður fallist á kröfu verjandans. Enn eigi eftir að staðfesta sakleysið. Þetta stenst auðvitað ekki.

Fyrir liggur að sá sem er sýknaður telst saklaus samkvæmt reglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð. Einsýnt er að Hæstiréttur mun ekki fallast á kröfu verjandans en sýknudómurinn felur engu að síður í sér að nú er málinu lokið.







